



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðarsvið
Suðurgötu 39 101 Reykjavík

(354) 570 13 14
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. ágúst 2025
MÍ202507-0093/ 6.07 / Þ.H.

Efni: Skógrækt í landi Varmalækjar (nr. 1026/2025) – kynning matsáætlunar.

Pann 14. ágúst 2025 gaf Minjastofnun umsögn um matsáætlun vegna áforma Heartwood Afforested Land ehf um ræktun skógar á 847 ha landi á jörð Varmalækjar við mynni Flókadals í Borgarbyggð. Þar var gerð athugasemd um að ljúka þyrfti fornleifaskráningu á áhrifasvæði framkvæmdanna og skila inn bæði landupplýsingagögnum og skýrslu, svo Minjastofnun gæti lagt mat á áhrif framkvæmdanna á menningarminjar. Úr þessu hefur nú verið bætt og hefur skráningu verið skilað inn til stofnunarinnar sem unnin var af Antikva ehf, Hermann Jakobsson et. al: *Varmalækur. Fornleifaskráning vegna skógræktar*. (Rv. 2025). Skráning þessi uppfyllir staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningar vegna skipulags og framkvæmda og hefur verið staðfest, sbr. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Þór Hjaltalín
Sviðsstjóri
thor@minjastofnun.is

Matsáætlun var unnin af Eflu verkfræðistofu, *Skógrækt í landi Varmalækjar. Matsáætlun* (dagsett 11. júlí 2025). Jörðin er 847 ha að stærð og er áætlað að 70-80% þess lands verði nýtt til skógræktar. Verkinu hefur verið skipt upp í fjóra áfanga og eru svæðin sýnd á mynd 4.1, bls. 20. Gert er ráð fyrir að notast við núverandi vegi og slóða á svæðinu en einhverjir vinnuslóðar verða líklega unnir með jarðýtu. Gert er ráð fyrir umtalsverðri jarðvinnslu, til undirbúnings

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnvöldum og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnvöldslutaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

gróðursetningu. Utan túna er gert ráð fyrir vélfleckun þar sem notast er við hefil á allt að 86 ha lands. Við gróðursetningu í aflögð tún er svo þörf á plægingu. Ljóst er að þessi mikla framkvæmd getur haft umtalsverð áhrif á menningarminjar og því mikilvægt að vanda til skipulags þannig að tekið verði fullt tillit til fornleifa á svæðinu. Fjallað er um fornleifar í kafla 5.5 og kemur þar fram að niðurstöður fornleifaskráningar verða kynntar og sýndar á korti í umhverfismatsskýrslu og að leitast verði við að lágmarka neikvæð áhrif á minjar. Tekið er undir mikilvægi þessa hér svo gera megi góða grein fyrir áhrifum framkvæmda á minjar, sbr. 23. gr laga um menningarminjar: *Effyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili ... lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða*. Á bls. 23 er bent á að leyfi Minjastofnunar þurfi til að hrófla við fornleifum, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar, en í því sambandi er rétt að minna á að góður rökstuðningur þarf að fylgja slíkum beiðnum um að þörf sé á raska fornleifum og þarf þá að meta til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa, hugsanlega í formi frekari rannsókna.

All voru skráðar 45 fornleifar innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis en þar af eru 16 sýnilegar á yfirborði.

Ljóst er að viðkvæmasta svæðið er hið forna bæjarstæði Varmalækjar en ekki er ólíklegt að þar hafi verið búið allt frá landnámi. Þar er mesta minjapéttnin og má búast við minjum í jörðu sem ekki eru sýnilegar á yfirborði. Í skráningunni er talið að bæjarhóllinn hafi náð nokkuð lengra til norðurs og austurs, en á þeim slóðum er talið að kirkja hafi staðið ásamt kirkjugarði. Samkvæmt mynd 4.1. í matsáætlun er gert ráð fyrir að undanskilja töluvert land kringum bæjarstæðið, sérstaklega til norð-austurs þar sem það afmarkast af Flókadalsvegi. Á því svæði er að finna flestar skráðar minjar í næsta nágrenni bæjarins, en sjáanlegar á yfirborði eru túngarðar (nr. 3397-04) og beðasléttur (nr. 3397-16) sem setja mikinn svip á

búsetulandslagið og hafa töluvert minjagildi. Til suð-austurs afmarkast svæðið svo af gamalli götu (nr. 3397-43). Frá sjónarhóli minjavörslu er mjög heppilegt að undanskilja allt þetta svæði frá skógrækt. Varðandi önnur svæði og minjar í úthaga, verður nú fjallað um hvern áfanga fyrir sig, sbr. mynd 4.1.

Áfangi 1: Til vesturs afmarkast svæðið af gamalli götu (nr. 3397-13) sem þarf að taka tillit til og virða 15 metra friðhelgi hennar til hvorrar handar, út frá ystu sýnilegu mörkum. Aðrar minjar á svæðinu eru Gamlistekkur (nr. 3397-14) sem eru minjar með hátt minjagildi og þarf að lofta vel um og það sama gildir um stekk (nr. 3397-20). Nokkru austar eru Selsflatir (nr. 3397-22). Efst á Selsflötum voru rústir og þótt þær séu sokknar og sjáist ekki á yfirborði þá má vænta þar minja í jörðu. Selsflatir bera vott um fornar nytjar og búsetulandslag og væri heppilegt að þyrma þessu svæði, sérstaklega sunnan gömlu götunnar (nr. 3397-45) þar sem vænta má selsrústanna. Nyrst á svæðinu, næst bænum er heimild um lambhús (3397-33) á svokölluðu lambhústúni. Þessar minjar ásamt lambúsum nr. 3397-28, eru í raun hluti af minjaþyrpingu sem vænta má næst bæ og væri heppilegt að lofta betur til suðurs frá bæjarstæðinu þannig að hið forna heimatún verði að mestu undanskilið skógrækt því á því svæði má vænta fleiri minja í jörðu.


Áfangi 2: Engar skráðar minjar eru á þessu svæði nema norð-austast, næst Flókadalsvegi. Á svokallaðri Bót, vestan Ambáttarhóls, eru tóftir af fornum bæ eða seli (nr. 3397-22). Af mynd 4.1 að dæma virðist sem gilið sem gengur upp að minjunum sé ætlað undir skógrækt. Þar færi betur á því að gefa þessum minjum gott rými. Í skráningarskýrslu er bent á að gróður sé farinn að ógna þessum minjum og hvatt til þess að svæðið verði grisjað. Aðrar minjar innan áfanga 2 eru varða (nr. 3397-25), gamlar götur og mógrafir sem taka þarf tillit til við skipulagsvinnu.

Áfangi 3: Um þar svæði liggur gömul gata (nr. 3397-42) sem taka þarf tillit til, en að öðru leyti virðast minjar ekki verða fyrir beinum áhrifum.

Áfangi 4: Svæðið liggur vestast á landareigninni, sem nú eru að mestu plægð og sléttuð tún. Næst bænum eru handgravnir framræsluskurðir (nr. 3397-17) og gæta þarf að. Um svæðið liggur einnig gömul gata (nr. 3397-18) sem er framhald Varmalækjarveggar til vesturs og er greinileg í landslaginu. Vestan Borgarfjarðarbrautar er garðlag (nr. 3397-41), og törfökusvæði sem virðast lenda utan fyrirhugaðs skógræktarsvæða. Á túninu nær bænum eru skráðar heimildir um hesthús, rétt og útihús, en plægt hefur verið yfir það.

Eins og komið hefur fram þarf að sýna vel í matsskýrslu, á myndrænan hátt á kortagrunni, hvernig ætlunin er að standa að varðveislu minja á skógræktarsvæðinu. Einnig er mikilvægt að gera grein fyrir hvernig staðið verði að varðveislu minja til framtíðar á svæðinu þar sem skógurinn getur sáð sér og unnið ný lönd og þar með ógnað minjum. Skógrækt hefur ekki aðeins bein áhrif á minjar, heldur einnig á minjaheildir, búsetu- og menningarlandslag. Það er því mikilvægt að gefa slíkum svæðum gott rými, eins og bæjarstæðinu sjálfu og gamla heimatúninu og sömuleiðis selsminjunum sem hér hafa verið nefndar. Þegar matsskýrslan liggur fyrir mun Minjastofnun svo þurfa að leggja mat á hvort ástæða sé til að grípa til einhverra frekari mótvægisaðgerða til verndar minjum.

Virðingarfyllst,



Þór Ingólfsson Hjaltalín
Sviðstjóri minjavarðasviðs

Dagsetning: 21. ágúst 2025

Skipulagsstofnun
B.t. Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b.
105 Reykjavík

Umsögn RARIK. Skógrækt í landi Varmalækjar, nr. 1026/2025:

RARIK hefur mótekið erindi vegna matsáætlunar vegna skógræktar í landi Varmalækjar dags. 11.7.2025, þar sem óskað er umsagnar RARIK vegna tillögu að nýju skipulagi. Málsnúmer. 1026/2025.

RARIK hefur farið yfir matsáætlunina og óskar eftir frekara samtali við framkvæmdaraðila vegna loftlína sem liggja um svæðið og legu þeirra í fyrirhugaðri skógrækt, varðandi möguleika á strengvæðingu í gegnum land Varmalækjar.

Með kveðju,
Sigurður Grétar Jónasson



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 19.8.2025

Málsnúmer: 202507-0037

BK

Efni: Skógrækt í landi Varmalækjar - Matsáætlun

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 17. júlí 2025, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun vegna skógræktar í landi Varmalækjar í Borgarbyggð. Skipulagssvæðið er 847 ha og er gert ráð fyrir að 70-80% af landinu verði ræktað skógi. Framkvæmdaraðili og landeigandi er Heartwood Afforested Land ehf. og er markmið skógræktarinnar að rækta sípekjuskóg sem skapar timburnytjar, ásamt fleiri gæðum skógarvistkerfis. Þegar hefur fengist leyfi til skógræktar á um 82,5 ha svæði innan jarðarinnar sem verður plantað á þessu ári.

Náttúrufræðistofnun veitti þann 13. febrúar síðastliðinn umsögn vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Varmalækjar sem var langtum minni að umfangi en hér er til umfjöllunar.

Í framkvæmdaleyfinu kom eftirfarandi fram:

„Markmið þessarar framkvæmdar er að rækta sípekju skóg sem bindur kolefni og skapar viðarnytjar ásamt fleiri gæðum skógarvistkerfis. Verkefnið verður unnið í samræmi við kröfur ÍST TS 92:2022 og VCR staðalsins til að tryggja gæði og hámarka þau jákvæðu áhrif sem verða af verkefninu ásamt því að tryggja vöktun og eftirfylgni. Með þessu verða búnar til vottaðar kolefniseiningar.“

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kom fram að það væri álit stofnunarinnar að fyrir skógræktarsvæði, einkum þau sem ætluð eru til kolefnisbindingar, ætti gera kröfu um að fyrir liggi upplýsingar um grunnástand lands sem felst m.a. í vistgerðakortlagningu, mælingum á því hversu mikið kolefni er nú þegar bundið í gróðri og jarðvegi, mælingum á endurvarpi sólargeislunar og úttekt á líffræðilegri fjölbreytni innan svæða.

Framkvæmdasvæðið sem nú er til umfjöllunar er tífalt stærra að umfangi en svæðið sem framkvæmdaleyfið átti við um og nær meðal annars til framræstra mýra á flatlendi sem eru vel grónar og virðast enn fremur blautar af loftmynd að dæma. Er það ólíkt fyrri áætlunum þar sem framkvæmdasvæðið var að stórum hluta tiltölulega rýrt land.

Þá vekur einnig athygli að í núverandi áætlunum er hvergi minnst á kolefniseiningar heldur virðist markmið framkvæmdarinnar nú eingöngu vera ræktun skógar til viðarnytja. Mikilvægt er að það sé skýrt hver markmiðin eru því ef um skógrækt til kolefnisbindingar er að ræða getur það haft áhrif á hvaða umhverfispætti beri að meta sbr. þau atriði sem Náttúrufræðistofnun benti á í umsögn sinni um framkvæmdaleyfið eins og fram kemur hér að framan.

Stofnunin bendir á að sérstaða íslenskrar fuglafánu felst í tiltölulega fáum tegundum en í sumum tilfellum mjög stórum stofnum. Það á t.d. við um vaðfugla en Ísland hýsir stóran hluta heimsstofns



nokkurra vaðfuglategunda, sem gerir þær að svokölluðum ábyrgðartegundum okkar. Þéttleiki þessara tegunda hérlandis er líklega einstakur á heimsvísu. Þessa sérstöðu ber að varðveita. Þá skal hafa í huga að þar sem vaðfuglar verpa dreift um landið í fjölbreyttum búsvæðum þá ná skilgreind *Mikilvæg fuglasvæði* ekki utan um öll þau svæði sem geta verið þeim mikilvæg.

Talningar benda til þess að fækkun eigi sér stað hjá nokkrum tegundum vaðfugla sem nú eru komnar á válista (1). Ein helsta ógnin við þessar tegundir hérlandis er landnotkun sem leiðir til skerðingar á búsvæðum þeirra. Langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast t.d. ekki í skóglendi (2). Skógrækt felur ekki einungis í sér beint búsvæðatap heldur hefur hún einnig jaðaráhrif á vaðfugla sem lýsa sér þannig að þéttleiki margra tegunda er lægri þegar nær dregur skóginum en fjær (3).

Gera má ráð fyrir að þéttleiki fugla í framræsta votlendinu og nærliggjandi svæðum sé mikill. Ekki er ólíklegt að fjöldi fugla innan þess hluta framkvæmdasvæðisins hlaupi á hundruðum sé litið til sambærilegra svæða á Suðurlandi (4). Þá má einnig vera að gæsir á fartíma nýti túnin. Nauðsynlegt er að lagt sé mat á þéttleika og tegundasamsetningu fuglalífs á svæðinu til að hægt sé að meta betur gildi svæðisins í því samhengi. Ef um er að ræða sérstaklega fuglaríkt svæði er það mat Náttúrufræðistofnunar að slíkt svæði henti illa fyrir skógrækt. Fyrir svo stórt svæði er einnig mikilvægt að greina hvort munur sé á þéttleika fugla innan svæðisins.

Almennt er þéttleiki mófugla lægri þar sem halli er mikill í fjallsbrekkum en þó gæti m.a. sendlingur og snjótittlingur verpt í Varmalækjarmúla.

Í matsáætlun er gert ráð fyrir að mat á áhrifum á fugla og gróður byggji á fyrirliggjandi gögnum eins vistgerðalýsingum og vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar. Stofnunin vill benda á að lýsingar á vistgerðum eru gerðar fyrir landið í heild og því ekki víst að það lýsi alltaf fuglalífi á tilteknu svæði nægilega vel. Auk þess er vistgerðakort ekki ætlað til notkunar í nákvæmari mælikvarða en 1:25.000 vegna óvissu í flokkun. Þá liggja ekki fyrir margar né nýlegar æðplöntuskráningar í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar frá svæðinu.

Í ljósi umfangs fyrirhugaðrar skógræktar telur Náttúrufræðistofnun það nauðsynlegt að fram fari athuganir á vettvangi sem nái til fuglalífs á fartíma gæsa og varptíma mófugla, sem og til gróðurs og vistgerða. Æskilegt er að niðurstöður verði sundurliðaðar eftir skógræktarreitum þar sem líklegt er að t.d. þéttleiki fugla sé mjög breytilegur innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Vegna jaðaráhrifa skóga ættu fuglaathuganir einnig að ná til næsta nágrennis skógræktarreita.

Náttúrufræðistofnun hvetur ávallt til þess að notaðar séu innlendar tegundir í skógrækt. Í öllu falli ætti að forðast að nota stafafuru, tegund sem rannsóknir sýna að uppfylli öll skilyrði þess að geta talist framandi ágeng tegund hérlandis (5). Sé ætlunin hins vegar að nota erlendar trjátegundir þarf að liggja fyrir skýr áætlun um vöktun og upprætingu ungplantna sem kunna að dreifa úr sér út fyrir skilgreint skógræktarsvæði.

Stofnunin bendir einnig á að hér er um að ræða þriðja skógræktarverkefnið á svipuðum slóðum innan sveitarfélagsins sem komið hefur á borð Náttúrufræðistofnunar á undanförunum mánuðum. Því gæti verið tilefni að skoða samlegðaráhrif þessara framkvæmda.



Heimildir

- (1) Válisti fugla 2025. <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>
- (2) Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. *Náttúrufræðingurinn* 90(2–3), 145–162. https://natturufraedingurinn.is/wp-content/uploads/2023/02/NFR_2020_90_2-3_V5.pdf
- (3) Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. & Gunnarsson, T. G. 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>
- (4) Jóhannesdóttir, L., Arnalds, Ó., Brink, S., & Gunnarsson, T. G. 2014. Identifying important bird habitats in a sub-arctic area undergoing rapid land-use change. *Bird Study*, 61, 544–552.
- (5) Wasowicz, P., Óskarsdóttir, G. & Þórhallsdóttir Þ. E. 2025. Lodgepole pine (pinus contorta douglas ex loudon) invasion in subarctic iceland: Evidence from a long-term study. *NeoBiota*, 97, 47–66. <https://doi.org/10.3897/neobiota.97.134047>

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur



Skorradalshreppur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

2508004 SÓÁ

Umsögn

Skógrækt í landi Varmalækjar-matsáætlun

Á 192. fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 18.8.2025 var fjallað um matsáætlun skógræktar í landi Varmalækjar sem birt er á skipulagsgátt undir máli nr. 1026/2025. Umsagnarfrestur er til 15.8.2025. Óskað var eftir fresti til að skila inn umsögn.

Skipulags- og byggingarnefnd bendir á að mikilvægt sé að tekið sé tillit til reiðleiðar sem liggur um land Varmalækjar skv. gildandi Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Umrædd reiðleið liggur einnig um Skorradalshrepp og er skilgreind í Aðalskipulagi Skorradalhrepps 2010-2022.

Nefndin vill einnig benda á að í Skorradalshreppi er áralöng reynsla af skógrækt. Margt hefur áunnist í þeim efnum en sumt hefði mátt gera betur. Nefndin vill í því sambandi benda á ákveðnar hættur við að nota ágengar plöntur til skógræktar og má þar helst nefna ösp og furu. Í matsáætlun skógræktar í landi Varmalækjar er gert ráð fyrir ágengum plöntum innan allra áfanga skógræktaráætlunarinnar. Þetta ætti að endurskoða og þá sérstaklega í ljósi nálægðar við náttúrlega birkiskóga í landi Varmalækjar og á öðrum jörðum í Bæjarsveit.

Hvanneyri 18. ágúst 2025
Virðingarfyllt,


Sigurbjörg Ósk Askelsdóttir
skipulagsfulltrúi



Skipulagsstofnun
B.t. Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Efni: Skógrækt í landi Varmalækjar – Kynning á matsáætlun, málsnúmer. 1026/2025

Vegagerðin hefur mótttekið til rýni erindi Skipulagsstofnunar dags. 17. júlí 2025 þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun vegna fyrirhugaðra skógræktar, skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Málsnúmer. 1026/2025.

Heartwood Afforested Land ehf. áformar skógrækt í landi Varmalækjar í Borgarfirði. Jörðin er 847 ha að stærð og gert ráð fyrir að 70-80% þess lands nýtist til skógræktar. Markmið framkvæmdarinnar er ræktun skógar til trjánytja.

Síða 1/2

Framkvæmdarlýsing:

Í Matsáætlun kemur m.a. fram áformar að markmið fyrirhugaðra framkvæmda er ræktun skógar til trjánytja. Samkvæmt tl. 1.04 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og áætlana nr. 111/2021 er framkvæmd þessi tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu. Þar sem að fyrirhugað skógræktarsvæði er þrisvar sinnum stærra en sú viðmiðunarstærð sem tiltekin er í lögum hefur framkvæmdaraðili ákveðið að fara með framkvæmdina í fullt umhverfismat

Umsögn Vegagerðarinnar:

Vegagerðin starfar á grundvelli laga nr. 120/2012 sem framkvæmdastofnun samgöngumála. Lögbundið hlutverk Vegagerðarinnar er að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir. Vegagerðin annast samkvæmt því þau verkefni sem nánar greinir í lögnum og öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem um starfsemi hennar gilda. Afmarkast því stjórnsýslulega aðkomu Vegagerðarinnar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnispáttum fyrirspurnarinnar er varða starfssvið Vegagerðarinnar.

Vegagerðin hefur kynnt sér matsáætlunina og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og telur það sem hér sé til umfjöllunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 1.04 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og áætlana nr. 111/2021

Stofnunin bendir á að ef um stór vinnutæki er að ræða við gróðursetningu þarf að fá undanþágu er varðar þungatakmörkanir. Upplýsingar um takmörkun á stærð ökutækja, heildarþyngd og áspunga, er að finna í reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyng ökutækja m.s.b. takmarkar Vegagerðin, tímabundið, mestu

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

leyfða heildarþyngd og leyfðan áspunga á vegum þegar nauðsyn krefur miðað við burðarþol brúar eða vegar.

Vegagerðin og eftirfarandi lögregluembætti hafa gert með sér samkomulag um verklag, þegar veittar eru undanþágur frá ákvæðum um lengd, breidd og hæð ökutækja í reglugerð um stærð og þyngd ökutækja:

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift

SIGURÐUR FRIÐGEIR

Síða 2/2

Vegagerðin

Umsögn vegna matsáætlunar um skógrækt í landi Varmalækjar

Til Skipulagsstofnunar Hellur, Bæjarsveit 15. ágúst 2025

Undirrituð leggja hér fram umsögn vegna matsáætlunar fyrir fyrirhugaða skógrækt í landi Varmalækjar. Umsögnin byggir á gildandi lögum og reglum, þar á meðal skipulagslögum nr. 123/2010, lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð nr. 1381/2021, lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, náttúruverndarlögum nr. 60/2013, lögum nr. 80/2012 um menningarminjar, jarðalögum nr. 81/2004, ákvæðum stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar, meginreglum umhverfissréttar (varúðarreglunni, mengunarbótareglunni, reglu um samþættingu umhverfissjónarmiða), ásamt stefnu stjórnvalda um sjálfbæra landnýtingu, vernd ræktunarlands og matvælaframleiðslu.

Samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ber að kynna framkvæmdir sérstaklega fyrir þeim nágrönnum sem má ætla að verði fyrir grenndaráhrifum. Matsáætlunin gerir ekki grein fyrir því hvernig slík grenndarkynning verður framkvæmd, hvorki til aðliggjandi landeigenda, þar á meðal Hellna, né annarra hagsmunaaðila sem kunna að verða fyrir verulegum áhrifum. Af fyrirliggjandi kortagögnum verður ráðið að hluti hins skilgreinda framkvæmdasvæðis er innan eignarlands Hellna, sem fer í bága við ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar og 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Kortlagning svæðisins verður að byggja á staðfestum landamerkjum samkvæmt lögmætum heimildum.

Á Hellum er náttúrulegur birkiskógur með hátt verndargildi, sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, og er á köflum einungis um 100 metra frá fyrirhuguðu gróðursetningarsvæði austan megin. Matsáætlunin gerir ekki grein fyrir því með hvaða hætti framkvæmdin gæti haft bein eða óbein áhrif á þennan birkiskóg. Einnig vantar upplýsingar um í hvaða magni og hlutföllum fyrirhugað er að gróðursetja einstakar tegundir trjáa þó svo að áætlað heildarmagn liggi fyrir. Slíkt er nauðsynlegt til að meta hvort einhverjar tegundir séu skilgreindar sem ágengar samkvæmt viðmiðum innlendra vísindastofnana, svo sem Náttúrufræðistofnunar Íslands, sbr. 64. gr. náttúruverndarlaga.

Þá verður að nefna að fyrirhuguð skógrækt er í engu samræmi við núverandi búsetulandslag í svæðinu. Hún er umtalsvert umfangsmeiri en hefðbundin landnýting á svæðinu og er til að mynda um það bil þrefalt stærri en öll jörðin Hellur (197 ha) en fyrirhuguð skógrækt nær yfir 800 ha svæði og er þar með, samkvæmt upplýsingum frá Vesturlandsskógum, langstærsta skógræktarverkefni í Borgarbyggð, rúmlega tvöfalt stærra en Múlastaðir sem er 374 ha. Slíkt ójafnvægi í stærðarhlutföllum getur haft veruleg áhrif á ásynd, náttúruvernd og samfélagslega heildarmynd svæðisins.

Fyrirhuguð skógræktarsvæði munu samkvæmt framlagðri áætlun umkringja Hellur bæði austan- og sunnanmegin, sem eykur hættu á fræútbreiðslu í landi Hellna og getur leitt til

baklandsáhrifa vinds þar (e. wind shadow effects) ef ekki er rétt staðið að skipulagningu skógræktarreita miðað við ríkjandi vindáttir og þær áttir er skapa mestu vindstrengina á svæðinu.

Í matsáætlun er vísað til þess að um blandaða skógarvistkerfi sé að ræða, en ekki verður annað séð af fyrirliggjandi gögnum en að meirihluti svæðisins verði nýttur undir einsleitan asparskóg. Það skortir skýrar upplýsingar um tegundasamsetningu, gróðurfarsmarkmið og hvernig tryggt verði að vistkerfið verði raunverulega fjölbreytt og sjálfbært. Slíkur skortur á upplýsingum brýtur gegn skyldum skv. 8. gr. laga nr. 111/2021 um að leggja fram nægjanlega greinargerð um eðli, umfang og áhrif framkvæmdarinnar.

Samkvæmt 1. gr. jarðalaga nr. 81/2004, 10. gr. laga nr. 123/2010 og samþykktri stefnu um landnýtingu og vernd ræktunarlands frá 2021 skal tryggja að land sem hentar til matvælaframleiðslu sé verndað gegn óafturkræfum breytingum í landnotkun nema fyrir liggja brýnir almannahagsmunir. Ræktarland á Íslandi er takmörkuð auðlind og stefna stjórnvalda gerir skýlausa kröfu um að við mat á framkvæmdum beri að forgangsraða vernd ræktunarlands skal sú landnotkun sem tryggir áframhaldandi matvælaframleiðslu ganga fyrir annarri notkun. Í matsáætluninni er ekki fjallað um hvort svæðið sem á að nýta til skógræktar falli undir flokkað ræktarland eða hvort það hafi möguleika á matvælaframleiðslu í framtíð. Þar með er ekki uppfyllt sú lagalega og stefnumarkandi skylda að leggja mat á áhrif framkvæmdar á matvælaframleiðslugetu svæðisins.

Í samræmi við 37. gr. skipulagslaga skal tryggja að framkvæmd sé í samræmi við gildandi aðalskipulag. Í matsáætluninni er hvorki sýnt fram á slíkt samræmi né gerð grein fyrir því hvort þörf sé á breytingu á aðalskipulagi. Ef breyting er nauðsynleg ber samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 111/2021 að framkvæma umhverfismat áætlunar áður en breytingin er samþykkt. Þá er núllkostur, sem kveðið er á um í 8. gr. laga nr. 111/2021, ekki metinn með hlutlausum hætti heldur afskrifaður án sjálfstæðrar greiningar á umhverfis- og samfélagsáhrifum.

Hluti framkvæmdasvæðis liggur innan grannsvæðis vatnsverndar (VB2) og nærri Flókadalsá. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála ber að meta áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot og tryggja að markmið vatnastjórnaráætlunar náist. Í matsáætlun vantar slíka greiningu ásamt grunnmælingum á gæðum grunn- og yfirborðsvatns.

Innan svæðisins eru vistgerðir með hátt verndargildi, þar á meðal votlendi yfir 2 ha að flatarmáli, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Áform eru um gróðursetningu innfluttra tegunda, svo sem alaskaaspar og sitkagrenis, án þess að gerð sé vistfræðileg áhættugreining á dreifingarhættu eða langtímaáhrifum á jarðveg og lífríki.

Samkvæmt 65. gr. náttúruverndarlaga ber að meta slík áhrif sérstaklega og tryggja að ekki sé stefnt í hættu náttúrulegum vistkerfum.

Matsáætlunin uppfyllir ekki skilyrði viðauka II með lögum nr. 111/2021 um að leggja fram mat á sjónrænum áhrifum framkvæmdar. Engin ásýndarkort eða myndræn framsetning liggur fyrir, þrátt fyrir að framkvæmdin muni gjörbreyta ásýnd svæðisins. Þá er ekkert mat á áhrifum fyrirhugaðs skógarbeltis á snjósöfnun á löngum vegarköflum og þrátt fyrir að slík áhrif geti haft afleiðingar fyrir umferðaröryggi og viðhald vega, sbr. 13. gr. skipulagslaga og 8. gr. laga nr. 111/2021.

Menningarlandslag svæðisins hefur ekki verið metið, né áhrif framkvæmdarinnar á sögulegar minjar, þrátt fyrir að gömul þjóðleið liggja í gegnum Varmalæk. Samkvæmt 37. gr. skipulagslaga og lögum nr. 80/2012 ber að skrá slíkar minjar og meta áhrif á þær áður en framkvæmdir hefjast. Þá er vert að minna á að jörðin Varmalækur er landnámsjörð (og jörðin Hellur var stofnað sem nýbýli úr Varmalæk) þar sem búskapur hefur verið stundaður í hundruð ára, sem styrkir verndargildi menningarlandslagsins í heild.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 111/2021 skal jafnframt meta félags- og efnahagsleg áhrif. Matsáætlunin fjallar ekki um áhrif framkvæmdarinnar á aðra atvinnustarfsemi, svo sem ferðaþjónustu og frístundabyggðir, þrátt fyrir að verulegar ásýndarbreytingar geti haft áhrif á slíkan rekstur.

Að mati umsagnaraðila stenst matsáætlunin ekki kröfur laga nr. 111/2021, skipulagslaga nr. 123/2010, náttúruverndarlaga nr. 60/2013, jarðalaga nr. 81/2004, laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Þá er hún ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda um vernd ræktunarlands og sjálfbæra landnýtingu. Umsagnaraðili gerir því kröfu um að matsáætlunin verði ekki samþykkt í núverandi mynd nema framangreindum atriðum verði bætt úr með fullnægjandi hætti.

Virðingarfyllst,

Jón Örvar G. Jónsson Hellur 2

Þóra Björg Sigurðardóttir Hellur 2

Sigurður Pétursson Hellur 2

Haraldur Sigurðsson Hellur 1

Linda Sif Níelsdóttir Hellur 1

EFNI: Matsáætlun til kynningar, Mál nr. 1026/2025. Skógrækt í landi Varmalækjar

Vegna þessarar matsáætlunar sem er til kynningar vill Búnaðarfélag Andakílshrepps (BA) koma með eftirfarandi vinsamlegar ábendingar.

Ljóst er að þessi framkvæmd, verði hún leyfð, mun breyta búskaparháttum og búsetu fólks á félagssvæðinu mjög mikið. Búnaðarfélag Andakílshrepps hefur um áratuga skeið verið félagsskapur þeirra sem stunda ræktun á svæðinu og stutt við ýmiskonar framfarir í landbúnaði í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni. Stefna stjórnvalda hefur skipt miklu fyrir þróun landbúnaðar á svæðinu og stjórnvöld hafa í gegnum tíðina veitt styrki til framfaraverkefna svo sem framræslu, búfjárræktar og bygginga. Sameiginleg málefni svo sem skólahald, afréttarmál, umhverfismál og fleira var lengst af á forræði sveitarfélags sem tryggði umgjörð búsetu þess fólks sem bjó á svæðinu. Í sölufarli Varmalækjar kom fram áhugi bænda á að kaupa jörðina til búsetu og búskapar, en þar sem jörðin var ekki auglýst til sölu þá náðu þær hugmyndir ekki lengra.

Það er því eðlilegt að Búnaðarfélagið fylgist grannt með hvaða stefnu stjórnvöld, sérstaklega Skipulagsstofnun og sveitarfélagið hafa í málefnum eins og hér eru til umfjöllunar. Niðurstaða þessa máls gæti leitt til stórfelldra búháttabreytinga og búseturöskunar á svæðinu, þar sem niðurstaðan væri fordæmisgildandi fyrir flestar jarðir félagsmanna. Eftirfarandi þættir þyrftu að fá meiri athygli verkkaupa og Skipulagsstofnunar (Stjórnvalda).

1. Æskilegt væri að efni umhverfismats tæki til þeirra þátta sem áskildir eru í 4. grein laga um umhverfismat. Sjá mynd.

■ 4. gr. Efni umhverfismats.

□ Í umhverfismati skal greina, lýsa og meta, með tilliti til viðkomandi framkvæmdar eða áætlunar, bein og óbein umtalsverð áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti:

- a. íbúa og heilbrigði manna,
- b. líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar,
- c. land, landslag, viðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag,
- d. efnisleg verðmæti og menningarminjar,
- e. næmi framkvæmdar eða áætlunar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum,
- f. samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a–e-lið.

Sérstaklega virðist vanta a. lið í matsáætlun.

2. Bændur í Bæjarsveit lögðu vatnsveitu fyrir áratugum sem byggist á vatnsbólum sem eru í landi Varmalækjar. Kalt vatn er mjög að skorum skammti í Bæjarsveit og raunar í sveitarfélaginu öllu. Ekki þarf að fjölýrða um mikilvægi góðs neysluvatns hér. Öll röskun á brunn-, grann- og fjarsvæðum vatnsbóls er óæskileg. Þessi atriði þurfa nánari umfjöllun í umhverfismati. Upprunaleg tillaga að grannsvæði núverandi vatnsbóls var mun umsvifameiri en sú sem nú er raunin. Svæðið var minnkað vegna þrýstings frá sveitarstjórn. Nauðsynlegt er að fara yfir þau gögn aftur. Vegurinn inn Flókadal fer nærri núverandi vatnsbóli, það þýðir að þó nokkur hættu er á umhverfisslysi. Vegna þess og vegna skorts á góðu neysluvatni í

sveitarfélaginu almennt þarf að huga sérstaklega að öðrum vatnsbólum sem eru í landi Varmalækjar. Heimamenn allir vita amk. af tveim vatnsbólum til viðbótar því sem nú er nýtt. Annað þeirrar er vatnsbólið sem upprunalega var nýtt fyrir vatnsveitu Bæjarsveitar og er í dalnum ofan við bæinn og hitt er nærri því sem punktur 2 er á mynd 2,2. Það er vatnsmikið og virkjun þess kom m.a. til skoðunar þegar vatnsveita var lögð að Hvítárbakka vegna uppbyggingar sveitarfélagsins þar á níunda áratugnum. Skilgreina þarf brunn-, grann- og fjarsvæðum allra þessara vatnsbóla.

3. Svæði 4 sbr. mynd 4.1 eru aðallega framræstar mýrar. Þetta svæði er ákjósanlegt svæði fyrir túnrækt, akuryrkju og aðra matvælaframleiðslu. Hafa þarf í huga að þetta land er á sínum tíma framræst fyrir tilstuðlan ríkisins. Vafasamt er að þetta land sé afturkræft sem ræktanlegt land til matvælaframleiðslu ef ösp er plantað þar eins og áætlanir eru um. Að minnsta kosti mundi það miðað við núverandi þekkingu kosta notkun eiturefna og mjög stórvirkra vinnuvéla með óheyrilegum kostnaði. Brennsla kæmi varla til greina nú til dags. Fjalla þarf betur um þetta í matsskýrslu og hafa sanngjarna umfjöllun um akuryrkju og túnrækt miðað við skógrækt. Eftir því sem best er vitað eru skógarnytjar á sambærilegum svæðum í nágrannalöndunum varla hagkvæmar.
4. Umfjöllun um þjóðleið vantar
5. Án þess að það sé sérstaklega innan verksviðs búnaðarfélagsins þá leggur félagið til að nýlegar rannsóknir Háskóla Íslands um áhrif skóga á mófugla og nýlegar rannsóknir dr. Önnu Guðrúnar Þórhallsdóttur ofl., um kolefnisbindingu og líffræðilegafjölbreytni lággróðurs verði einnig hafðar til hliðsjónar.
6. Vegna ofangreindra athugasemda er einnig sérstaklega mikilvægt að „núllkostur“ fái umfjöllun samkvæmt reglugerð (11. grein reglugerðar). Þá vantar í matsskýrsluna að gerð sé grein fyrir niðurrifi mannvirkisins þegar að þar að kemur en slíkar upplýsingar ber að gefa sbr. c lið 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Stjórn Búnaðarfélags Andakílshrepps
Haraldur Sigurðsson
Egill Gunnarsson
Jóhannes Kristjánsson

Höfundur: Grímur Björnsson
Skjólbraut 22, 200 Kópavogi
Kt. 0706605639

Athugasemdir við málið 112994-MAU-001-V01 Skógrækt í landi Varmalækjar, matsáætlun

Um höfundinn

Undirritaður er sérfræðingur í grunnvatni og forðafræði jarðhitans, var í frumherjahópi Carbfix verkefnisins, hefur brennandi áhuga á moldarvísindum og er áhugamaður um íslenska náttúru.

Ræktun skógar til trjánytja eða kolefnisbindingar?

Ég las ofanefnda matsáætlun af athygli, enda búinn að sjá í fjölmiðlum að hinn hollenski landeigandi stefndi á skógrækt og kolefnisbindingu í landi Varmalækjar. Mín aðalathugasemd við matsáætlunina er því sú að hún er harla fáorð um kolefnisbindingu. Á bls. 5 segir hún „markmið skógræktarinnar að rækta sípekjuskóg sem skapar timburnytjar, ásamt fleiri gæðum skógarvistkerfis“. Orðið kolefnisbinding kemur fyrir á bls. 24 og 25 en erfitt er að sjá að hún sé skýrt markmið í matsáætluninni.

Því var fróðlegt að finna þessar setningar í ársskýrslu hollenska félagsins Hal Holding N.V. frá 2004 (https://halholding.com/xmlpages/tan/files?p_file_id=867). Hér er á ferð sjálfur eigandi Varmalækjar. Í ársskýrslunni kemur fram annars vegar á bls. 12 að:

In October 2024, HAL acquired two parcels of land in Iceland totaling 2,580 hectares for € 4.1 million in the context of a reforestation project. This project is intended to offset the CO₂ emissions of the HAL organization and a part of the carbon footprint of the investee companies.

Og hins vegar á bls. 47 að:

In 2024, Heartwood, a 100% subsidiary of HAL, acquired land in Iceland with the aim of carbon sequestration through afforestation. These activities will require time to take effect, as seedlings must first be planted and nurtured. Heartwood is currently building the capacity to accelerate this process. These afforestation efforts are intended to offset own emissions that the Company is unable to reduce. Should the results of these activities exceed the Company's residual emissions, certificates may be made available to other (Group) companies, at market rates.

Hér virðist ekki fara saman hljóð og mynd, milli annars vegar skýrrar stefnu hollensks eigenda um kolefnisbindingu í landi Varmalækjar, og hins vegar þeirrar ræktunar á sípekjuskógi til trjánytja sem matsáætlunin tilgreinir sem aðalmarkmið. Trúlega er matsáætlunin þokkaleg útlistun á þeirri skógrækt sem meta þarf, en mér sýnist hún engan veginn taka á þeirri kolefnisbindingu sem Hal Holdings segir hluthöfum sínum að sé aðalmarkmiðið. Hér er jafnvel um hrein viðskipti um kolefnislosunarheimildir að ræða. Færi vel á að matsáætlunin væri skýrari um þennan þátt verkefnisins.

Náttúrulegt birkikjarr innan svæðisins (bls. 15):

Mér fyndist fara vel að segja í matsáætluninni að útbreiðsla hins náttúrulega birkiskógar verði kortlögð nákvæmlega. Og að loknum framkvæmdatíma verði þess gætt að sjálfsáning annarra trjategunda til birkiskógarins verði hindruð og/eða upprætt. Á sömu síðu 15 segir nefnilega að ræktun erlendra plöntutegunda er óheimil í náttúrulegum birkiskógum. Á það einnig við um sjálfsáningu?

Nytjaskógrækt er óheimil nær bökkum árfarvega, vatna eða sjávarsíðu en 30 m (bls. 15)

Tilgreina hvernig verði brugðist við sjálfsáningu trjáa á þessu belti eftir að nytjaskógur er kominn á legg.

Tegundaval (bls. 17)

Þessi setning er illskiljanleg: *Alaskaösp, sitkagreni, birki, lerki og fura hafa reynst vel í skógrækt á Íslandi. Þær vaxa hratt og skila meiri timburnytjum, sem er markmið og forsenda framkvæmdarinnar. Innlendir tegundir uppfylla ekki þetta skilyrði og skila ekki þeirri afurð sem sóst er eftir. Ætli birki sé ekki lengur innlend tegund?*

Tún á Varmalæk (bls. 17 og 18)

Þarna er kynnt til leiks ræktun á asparskógi á framræstum túnnum sem ákveðin gerð af gjöfulli skógrækt. Ekki er minnst á þann kost að endurheimta hið framræsta land sem lið í minnkun á núverandi losun gróðurhúsalofttegunda frá mýrlendinu. Síðar í skýrslunni er rætt um að endurgrafa eitthvað af skurðum fyrir asparræktunina (bls. 22). Það virðist nú á tímum nokkuð vænleg leið til aukinnar losunar á gróðurhúsalofttegundum. Maður verður klumsa að sjá enga umfjöllun um þetta í matsáætluninni, þ.e.a.s. endurheimt mýra sem jafngóða leið til kolefnisbindingar og asparskóginn.

Núllkostur (bls. 18)

Getur verið að matsáætlanir þurfi ekki að reifa núllkostinn ef framkvæmdaaðili hefur engan áhuga á honum?

Tegundasamsetning og gróðursetning (bls. 19)

Ekki kemur fram í texta hvaða birki standi til að rækta, staðarskóginn eða annað. Og mun matið sýna nákvæmlega á kortum hvar ólíkar tegundir trjáa verði gróðursettar? Á blaðsíðu 20 er talað um greni en á bls. 19 um sitkagreni. Ætli þetta séu ólíkar trjategundir?

Aðkoma og vegagerð (bls. 21)

Talað er um eldvarnir og flóttaleiðir af svæðinu. Hér finnst mér þörf á meiri umfjöllun. T.d. hvort framkvæmdin sé svo hættuleg að hún kalli á flóttaleiðir. Í hverju liggja þær hættur? Og reifa hverjir muni leggja til tæki til slökkvistarfa, og hvort verkefnið skili skattstofnum sem styrki slökkvilið í héraði.

Skógarhögg (bls. 23)

Hér sakna ég þess að sjá ekki hvað verði gert við grisjunar- og nytjaskógarviðinn. Eigi að aka honum í burtu, á þá meta hvort og hvernig það trufla næringarefnahringsrás í núverandi jarðvegi Varmalækjar? Til að mynda hvort einhverjar trjategundanna muni rýra gæði jarðvegs til seinni tíma en skili jarðeiganda samt sem áður skammtímaávinningi í formi losunarheimilda?

Umhverfispættir (bls. 24)

Hér kemur aftur alvarlegasti galli matsáætlunarinnar að mínu mati, að ekki eigi að meta áhrif á loftslag. Samt eru hér setningar um losun kolefnis úr jarðvegi vegna plöntunar. Og að kolefnisforði þriðjungs svæðisins sé lítill, en ekki eigi að mæla hann í umhverfismati né kolefnisforða jarðvegs í öðrum hlutum svæðisins. Rætt er um jarðveg í virku rofi en erfitt að átta sig á hve stór hluti lands Varmalækjar falli að þeirri skilgreiningu. Hins vegar segir að „þar mun ræktun skógar því skila verulega meiri kolefnisbindingu

en núverandi ástand.“ Enn má vanda betur til verka í matsáætluninni. Til að mynda láta meta núverandi kolefnisforða í jarðvegi og síðan á einhverra ára fresti spá samtölu viðar- og jarðvegskolefnis eftir því sem nytjaskógurinn stækkar. Og gleyma ekki að dýpkun skurða til asparræktar kann að auka oxun kolefnis í framræstum mýrarjarðvegi frá því sem nú er, og þar með kolefnislosun sem fer inn í Kyoto-bókun Íslands.

Í heildina verða áhrif framkvæmdarinnar á loftslag jákvæð og því ekki talin þörf á að fjalla sérstaklega um áhrif á loftslag í umhverfismatsskýrslu (bls. 25)

Þessi setning krefst rýni að mínu mati. Ályktunin virðist fengin frá ríkisstofnuninni Landi og Skógum. Er ekki viss um að hún sé óumdeild. Ég þekki af eigin raun gegnum verkefni í steindabindingu koldíoxíðs í basísku bergi að skoðanir eru mjög skiptar um skógabindingu kolefnis meðal fræðimanna. Ef svo reynist, ætti framkvæmdin að rýna hvort ekki sé betra að fylgja varúðarreglu RÍO samkomulagsins? Láta náttúruna njóta vafans með því að draga úr umfangi skógræktarinnar.

Fuglalíf (bls. 27 og 28)

Matsáætlunin reifar að fuglalíf eflist með auknum skógi, en segir ekki í hvernig skógi. Umfjöllun um þetta er við mynd á bls. 28 sem sýnir birkiskóg á Jökuldal. Hvernig reiðir fuglum af í skógum hinna trjátegundanna sem á að planta í landi Varmalækjar? Það ætti að skoða. Þá finnst mér sem fuglaáhugamanni óásættanlegt að ekki eigi að gera sérstaka úttekt á fuglalífi á svæðinu. Til stendur að ganga á varpsvæði lóu og spóa, tegunda sem virðast á leið á valista vegna rýrnunar búsvæða. Hér eru að auki ýmis álitamál. T.d. hvort landeigandi falli frá áformum um asparskóg og endurheimti í staðinn mýrlendi. Mun það opna nýtt varpland fyrir spóa og lóu í stað þess sem glatast undir skógræktina?

Gögn og rannsóknir (bls. 29-31)

Mér fannst gott að sjá umfjöllun um jarðveg í þessum kafla, jónarýmd og þess háttar. Þá eru tilgreindar í matsáætluninni heimildir um að barrskógajarðvegur súrni lítt eða ekki á Íslandi, án þess að hafa með í fræðiritalistanum nýlegt stórvirki Ólafs Arnalds *Mold ert þú*. Þar er bókarhöfundur áhyggjufullur um áhrif sígrænna trjáa á íslenskan jarðveg. Ekki kann hann að vera einn um það. Breskir sérfræðingar 6-Rivers félagsins, sem á margar laxveiðiár á NA landi, virðast á sömu skoðun og Ólafur um áhrif barrskóga á jarðveg. Planta t.d. eingöngu laufskógi af birki og víðitegundum við Miðfjarðará í Bakkafirði hvar undirritaður er landeigandi og þekkir til (heimild 25 í matsáætluninni).

Rætt er um í matsáætluninni að skógur virki eins og svampur sem dempar sveiflur í regni og afrennsli. Það er að öllum líkindum rangt. Frekar er það moldin í skógarbotninum sem gerir það, að því gefnu að leið regnvatns sé greið ofan í jarðveginn. Síun mengunarefna finnst mér einnig líklegri gegnum jónarýmd jarðvegsins heldur en um trén eins og sagt er í matsáætluninni. Hér virðast skýrsluhöfundar geta bætt skilning sinn um samband regns, mengunarefna, gróðurs og moldar. Hugsanlegt er að grasi gróíð yfirborð leiði jafn mikið eða meira vatn ofan í moldina en skógur. Svo að mörgu er að hyggja.

Umsögn Guðrúnar Sigurjónsdóttur um matsáætlun Varmalækjarskógar dags. 15. ágúst 2025

GGuðrún Sigurjónsdóttir

Umsögn birt **15.08.2025**

Athugasemdir við fyrirhugaða skógrækt á Varmalæk

Það er einfaldlega vont til þess að hugsa að það séu uppi áform um að rækta skóg á einni af albestu bújörðum í Borgarfirði. Varmalækur er að stæðstum hluta gott ræktarland og tún. Að planta skógi í slíkt land er soun þar sem við þurfum á öllu okkar ræktarlandi að halda til matvælaframleiðslu. Það er nóg af öðru landi sem er betur nothæft fyrir skógrækt.

Gott ræktarland er ómetanleg auðlind. Það er eiginlega óskiljanlegt til hvers er verið að flokka land sem gott ræktarland og setja fram stefnu um að landi sem hentar vel til ræktunar matvæla verði ekki ráðstafað til annarra nota eins og skógræktar og vera svo í þeim sporum að það sé látið á það reyna með jörð eins og Varmalæk. Með því að leyfa skógrækt á jörðinni væri auk þess verið að gefa slæmt fordæmi því ef þetta ræktarland væri samþykkt fyrir skógrækt þá væri erfitt að neita flestum öðrum sem vildu leggja sína bújörð undir skógrækt.

Guðrún Sigurjónsdóttir bóndi

Umsögn

Tilv. UX.989(P)



Land og skógur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b, Reykjavík
sent í skipulagsgátt

Selfossi, 15. ágúst 2025

Efni: **Skógrækt í landi Varmalækjar. Kynning matsáætlunar um mat á umhverfisáhrifum, mnr. 1026/2025**

Óskað var eftir umsögn um matsáætlunina. Áformað er að rækta skóg á stærstum hluta 847 ha lands Varmalækjar í Bæjarsveit, Borgarfirði.

Undirritaður hefur kynnt sér málið, frestur til umsagnar er til 15. ágúst 2025. Land og skógur tók í ársbyrjun 2024 við hlutverki Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Umsögn þessi er byggð á lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 og lögum um landgræðslu nr. 155/2018.

Undirritaður telur matsáætlunina nægjanlega vel úr garði gerða. Ekki er að sjá að gera þurfi fyllri grein fyrir neinu atriði, a.m.k. um það sem snýr að fagsviðum stofnunarinnar.

Stofnunin gerir þannig engar athugasemdir.

- Rétt að benda á eitt atriði sem skýra mætti betur, þó svo að það hafi að mati undirritaðs ekki veigamikla þýðingu í heildina. Í umfjöllun um áburðargjöf er rætt um áburðarmagn sem gefið verður hverri trjáplöntu við gróðursetningu (12 g af áburði á borð við Sprett eða Blákorn), og einnig er bent á að sú áburðargjöf sé á flatarmál lands mun minni en áburðargjöf sem algeng er á túnum eða í jarðrækt.

Hér væri rétt að tæpa á því hvort átt er við *magn áburðar sjálfs*, eða þá *magn áburðarefnanna* sem í honum eru, og í tilviki P (fosfórs) og K (kalís), hvort um sé að ræða sýringa (P_2O_5 og K_2O) eða hrein efni (P og K). Í leiðbeiningarbæklingi RML sem vísað er til, er átt við magn hreins áburðarefnis. Sem dæmi má nefna að í áburðartegundinni Spretti 27-6-6 eru í hverjum 100 kg af áburði 27 kg af nitri, 3 kg af fosfóri (6 kg af P_2O_5) og 5 kg af kalí (6 kg af K_2O). Sem dæmi eru þannig í 12 g af áburði af fyrirnefndri gerð (Spretti 27-6-6) alls 3,2 g af N, sem gera 9,7 kg/ha séu settar niður 3000 plöntur/ha. Eðlilegt er að bera um 80...100 kgN/ha á eldri tún til samaburðar. Af þessu má sjá að væntanlegt magn áburðarefna sem gefið verður við gróðursetningu er jafnvel um við 10% af því magni áburðarefna sem gefið er á hverju ári í venjulegri túnrækt.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað, bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi

pall.sigurdsson@landogskogur.is

Austurvegi 3, 800 Selfossi, sími 570-5550

Skipulagsstofnun

b.t. Sigurður Ásbjörnsson

Reykjavík 14.08.2025

Mál nr. 943/2025

Skógrækt í landi Varmalækjar í Flókadal

Inngangur

Landvernd hefur kynnt sér áform Heartwood Afforested Land ehf. sem áformar skógrækt í landi Varmalækjar í Borgarfirði. Landsvæðið sem skógræktin tekur til er um 847 ha að stærð og er gert ráð fyrir að 70-80% þess lands verði nýtt til skógræktar.

Ræktunaráætlun

Landvernd vill vekja athygli á rýrum texta um ræktunaráætlun en í lögum um skógrækt og skóga <https://www.althingi.is/altext/149/s/1406.html> segir eftirfarandi: segir í 6. gr.

„Vinna skal ræktunaráætlun fyrir alla nýræktun skóga sem nýtur fjárframlaga úr ríkissjóði. Í ræktunaráætlun skal fjalla um markmið viðkomandi skógræktar, landfræðilega afmörkun viðkomandi skógræktarsvæðis, staðsetningu svæða þar sem ekki skal gróðursetja, svo sem verndarsvæða, og tillögur um undirbúning lands og trjátegundir. Skógræktin veitir leiðbeiningar um nýræktun skóga og gerð ræktunaráætlana. Ráðherra getur kveðið nánar á um gerð og efni ræktunaráætlana í reglugerð.“

Ekki síst í ljósi stærðar þessa verkefnis vill Landvernd gera kröfu á að við umhverfismat verði jafnhliða lögð fram sérstök afmörkuð skógræktaráætlun í fylgiskjali.

Tegundaval

Hér í kafla segir eftirfarandi: „Annar valkostur er að planta ekki stafafuru verði hún formlega flokkuð sem ágeng tegund og takmarkanir settar á notkun hennar á Íslandi.“ Landvernd hvetur eindregið til varúðarnálgunar þegar kemur að notkun mögulegra ágengra tegunda en [rannsóknir hafa sýnt fram á að tegundin er ágeng á rannsóknarsvæðum](#).

Gróðursetningaraðferðir

Landvernd telur ekki nauðsynlegt að beita plógum á frjósamt mólendi sem og veldur mikilli losun CO2 sem þarf að rannsaka nánar. Alltof hátt hlutfall lands til gróðursetningar er ætlað undir plóga.

Tún á Varmalæk

Við þennan texta vill Landvernd gera mjög alvarlegar athugasemdir. Við valkostagreiningu á þessu svæði sem ræktarlandið er segir:

„Eftirfarandi valkostir koma því til greina fyrir túnin:

o Að rækta asparskóg á túnum

o Að gera ekkert við túnin, þau falla í órækt og koma ekki til með að skila virði til landeigenda eða samfélags.“

Þegar um svo stórt svæði er að ræða, með ræktuðum túnum sem ekki verða nýtt áfram með hefðbundnum hætti verður að íhuga þann möguleika að endurheimta votlendi á túnunum þar sem framræst votlendi losar töluvert af kolefni. Fyrir liggur að endurheimt votlendis er ein skótvirkasta loftslagsaðgerð sem hægt er að ráðast í og hún getur einnig endurheimt líffræðilegan fjölbreytileika sem einnig eru yfirlýst markmið stjórnvalda.

Landvernd gerir þá kröfu að fyrirtækinu verði gert að meta valkostinn endurheimt votlendis inn í þann þátt sem varðar 20 ha ræktarland í þessari skýrslu. Á bls. 20 kemur fram að birki verði aðallega notað til að verja ásynd:

„Birki verður aðallega gróðursett meðfram jöðrum, s.s. árfarvegum, birkiskógi, votlendi o.fl. til að mýkja ásynd.“ Landvernd vill ítreka að hlíta verði skilmálum um fjarlægðarmörk nýskógræktar frá árvarvegum, lækjum og síðast en ekki síst við votlendi og nærsvæði þess enda gengur það bæði gegn loftslagsmarkmiðum og markmiðum um að viðhalda, verja og endurheimta líffræðilega fjölbreytni. Mikið liggur við sem áður segir að endurheimta votlendi á Íslandi svo verja megi búsvæði margra tegunda.

Á bls. 20 er sömuleiðis að finna skýringarmynd merkt „Varmalækur (133917) Jarðvinnsla“

Erfitt er að lesa úr skýringamyndinni og greina eins og fram kemur í texta „líkleg úrtök vegna vega, lækja og fjarvarvega, klettavotlendis, birkiskóga o.þ.h.“ Úr þessum annmarka verður að gera kröfu á að fyrirtækið bæti úr skýringarmynd þessari í umhverfismatsskýrslu þannig að úrtök séu m.a. merkt sérstaklega og í hvaða tilgangi.

Aðkoma að slóðagerð og vegagerð

Hér er mikilvægt að skýrt verði nánar hvort um verður að ræða umfangsmeiri vegagerð með jarðvegskiptum og þungaflutningum en slík vegagerð getur myndað rof í vistkerfi svæðisins með neikvæðum áhrifum í samfellu vistkerfa og lífbreytni svæðisins.

Á bls. 22 segir eftirfarandi: *“Við gróðursetningu í aflögð tún er þörf á plægingu þar sem að gróðurhulan er skorin og rákir ristar í jarðveginn. Þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja að trjáplöntur lifi og komist vel og örugglega af stað. Þá þarf einnig að endurnýja skurði sem í áranna rás hafa fyllst af jarðvegi. Sömu aðgerðir væru nauðsynlegar ef nýta ætti túnin til heyframleiðslu eða akuryrkju.”*

Landvernd gerir þá kröfu á að framkvæmdaaðili staldri við og ígrundi hvernig þetta verklag og stefna í matsáætlun geti samræmst loftslagsaðgerðum. Það að ætla á sama tíma að planta öspum og stafafuru inn á aflögð tún og um leið að „endurnýja skurði sem hafa fyllst af jarðvegi“ vekur upp áleitnar spurningar um ávinning af verkefninu. Ef ráðast á í skurðgröft og endurnýja aflagða skurði á aflögðu ræktarlandi með því að dýpka þá aftur þá vill Landvernd hvetja til þess að fyrirtækið líti frekar til að endurheimta votlendi á ræktarlandi í stað þess að auka beinlínis losun kolefnis á landinu enda vinnur það gegn markmiðum verkefnisins sem hljóta að vera að binda kolefni. Landvernd vill áréttu þennan þátt sérstaklega í ljósi þess

að stjórnvöld hafa tekist á hendur skuldbindingar um að stórauka endurheimt á votlendi og búsvæðum plantna og dýrategunda sem eiga undir högg að sækja.

Furðu sætir réttlætingin sem fram kemur í þessum texta í matsáætlun: „Sömu aðgerðir væru nauðsynlegar ef nýta ætti túnin til heyframleiðslu eða akuryrkju.“ Hér fer ekki saman sem áður hefur verið lýst í þessari matsáætlun að nær engin eftirspurn sé eftir svæðinu sem hefðbundnu ræktarlandi. Í þessu falli er það beinlínis ótrúlegt að valkostagreining hafi ekki leitt til endurheimtar á votlendi á þessu 200 ha ræktarlandi. Skipulagsstofnun þarf því að leita svara við hvernig valkostagreiningu fyrirtækisins er háttað í þessum efnum.

Skógarhögg

Hér kemur fram að fyrsta grisjun sé ekki áætluð fyrr en að loknum 15 – 20 árum. Landvernd hefur ekki forsendur til að meta hversu mikil þörf verður á grisjun enda kemur þéttleiki plöntunar ekki fram í matsáætlun svo skýrt sé en þéttleiki gróðursetningar hefur að sjálfsögðu áhrif á hversu fljótt ástæða þykir að grisja. Ástæða hefði verið að tilgreina þéttleika gróðursetningar í þessari matsáætlun.

Mat á umhverfisáhrifum

Hér vekur athygli að fyrirtækið gerir ekki ráð fyrir að fjalla sérstaklega um áhrif verkefnisins á loftslag, sjá bls. 24. Landvernd hlýtur að ætla að þrátt fyrir stefnu fyrirtækisins um skógarnytjar til viðarframleiðslu sé meginstefnan sú að það á reyndar við um flest önnur nýskógræktarverkefni að þau eiga sameiginlegt að sjá fyrir sér nýtingu skógarins með áherslu á viðarnýtingu enda er alls staðar stefnt á að grisja skóga til að styrkja heilbrigði þeirra um leið og amk með lágmarkshæfni til bindingar. Hér hlýtur Skipulagsstofnun að gera fyrirtækinu skylt að meta gildi þessarar framkvæmdar sem loftslagsaðgerð enda er um gríðarstórt svæði að ræða.

Á bls. 24 verður Landvernd að láta nema staðar við eftirfarandi fullyrðingar: „*Losun kolefnis úr jarðvegi vegna plöntunar er því lítil og engu meiri en við aðrar framkvæmdir þar sem gróðuryfirborði er raskað, hvort sem það er vegna landbúnaðar, húsbygginga, samgöngumannvirkja, orkumannvirkja eða annarra framkvæmda. Jarðvinnsla á gömlum túnum verður sambærileg þeirri vinnslu sem almennt á sér stað við ræktun í landbúnaði. Hefur slíkt yfirborðsrask á gróðri ekki kallað á umfjöllun um kolefnislosun í mati á umhverfisáhrifum né öðrum skipulags- eða leyfisveitingarferlum. Um þriðjungur fyrirhugaðs skógræktarsvæðis er rýrt og rofið land, og er kolefnisforði þess líklegur til að vera fremur lítill. Þar mun ræktun skógar því skila verulega meiri kolefnisbindingu en núverandi ástand. Það er óumdeilt að þegar horft er á heildina binda skógarvistkerfi meira kolefni en önnur þurrlendisvistkerfi, sérstaklega þegar landgræðsla fer fram samhliða skógrækt á svæðum þar sem jarðvegur er í virku rof*“

Þær alhæfingar sem birtar eru hér í kafla að ofan með skírskotun í matsáætlun eru ekki studdar rökum með tilvísunum í heimildir eða rannsóknir. Aftur og enn verður Landvernd vinsamlega að óska eftir því við Skipulagsstofnun að fyrirtækinu verði gert við umhverfismatsskýrslu að færa rök fyrir staðhæfingum sínum.

Í lok loftslagskafla í matsáætlun fyrirtækisins ber því miður á, að því er virðist, mikils misskilnings hjá fyrirtækinu, að hægt sé beinlínis að víkja sér undan að lista upp loftlagsávinning með rökum og skírskotun til staðreyndra upplýsinga út frá núverandi vottunum og stöðlum sem ber að vinna eftir í

slíkum verkefnum; því bendir Landvernd enn og aftur á mjög veikan málstað fyrirtækisins sem dæmir sig sjálf í niðurlagi. „Í heildina verða áhrif framkvæmdarinnar á loftslag jákvæð og því ekki talin þörf á að fjalla sérstaklega um áhrif á loftslag í umhverfismatsskýrslu.“ Hér verður að segja að um mjög svo snubbóttan endi sé að ræða á annars mikilvægustu áskorun sem heimsbyggðin á við að glíma, þ.e. loftslagsmálum. Landvernd óskar því eftir að fyrirtækinu verði gert að setja fram loftslagsáætlanir sínar af meiri þekkingu og ábyrgð en hér hefur komið fram í matsáætlun.

Gróður

Í yfirferð um þennan kafla í matsáætlun kemur fram á bls. 27 að fyrirtækið hyggst láta nægja að styðjast við vistgerðarkortlagningu á vef Náttúrufræðistofnunar. Sú kortlagning er hins vegar einvörðungu til að gefa mjög grófa mynd af vistgerðum á viðkomandi svæðum enda um fjarkönnun að ræða unnin eftir illgreinanlegum plöntum á loftmyndum. Það hefur jafnframt komið á daginn og margoft verið bent á, bæði í ræðu og riti, að vistgerðarkortlagning á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar er ekki til að styðjast við þegar kemur að nánari rannsóknum sem þarf við, t.d. við umhverfismat. Sbr. Noémie Boulanger-Lapointel, Marteinn Möller, Rán Finnsdóttir, Bryndís Marteinsdóttir and Ingibjörg Svala Jónsdóttir 2021. Field validation of the Habitat Types Map of Iceland. Veggspjald á Líffræðiráðstefnu Líffræðifélagsins, HÍ, Landgræðslan.

„Spatial resolution (m)

5 10 50

Classes (vistlendi) 55% 53% 52% 56%

Types (vistgerðir) 19% 21% 21% 20% 23%

Overall accuracy of the Habitat Types and Classes maps at a 5, 10, 20 and 50 m spatial resolution.“

Nákvæmni vistgerðanna er sem sagt aðeins 19-23% og vistlendanna 52-56%. Fína flokkun úr fjarkönnun NÍ gengur því miður ekki upp ef á nýta þegar kemur til umhverfismats og/eða nánari greiningar vegna verkefna. **Það er því ljóst að gera þarf sérstaka vistgerðarúttekt á svæðinu.**

Fuglar

Fram kemur í matsáætlun undir þessum lið „Ekki er talin þörf á sérstakri úttekt á fuglalífi á svæðinu þar sem að svæðið er fremur lítið og ekki innan eða í nálægð við mikilvæg fuglasvæði.“

Hér hlýtur Landvernd að líta svo á að um einhvern misskilning sé að ræða í matsáætlun því það er einmitt sérstök ástæða til að til að horfa til ábyrgðartegunda Íslands og fugla á valista mófugla sem hörfa nú aldrei sem áður undan skógrækt og þá ekki síst iðnaðarskógrækt sem hér er á ferðinni.

Í matsáætlun þessa liðar kemur þó fram: „Hins vegar má reikna með að skógræktin skerði varpbúsvæði mófugla, t.d. heiðlóu og spóa, en þær tegundir teljast til ábyrgðartegunda á Íslandi vegna þess hve hátt hlutfall þeirra verpir eða fer um landið á fartíma“

Sífelld er verið að skerða búsvæði þessara tegunda og því þarf að gera grein fyrir samlegðaráhrifum af

framkvæmdum og svara þarf spuningunni hvað við viljum hafa marga spóa og lóur á landinu. Spóar og lóur sem eru hvað viðkvæmastir mófugla gagnvart nýskógrækt hafa nú verið settir á válista og verða því skógræktaráætlanir, umhverfisskýrslur og umhverfismat að taka mið af því. Sjá nánar spói á válista <https://www.natt.is/is/biota/animalia/chordata/aves/charadriiformes/spoi-numenius-phaeopus> og lóa á válista <https://www.natt.is/is/biota/animalia/chordata/aves/charadriiformes/heidloa-pluvialis-apricaria>. Á vef Náttúrufræðistofnunar kemur auk þess fram í ljósi þess að válisti fugla hefur verið uppfærður með fleiri tegundum í ljósi mikillar niðursveiflu einstakra tegunda <https://www.natt.is/is/frettir/2025/07/uppfærdur-valisti-fugla-islandi-0>

„Af 91 tegund sem metin var nú teljast 43 í hættu, samanborið við 41 í síðustu útgáfu válistans. Í hópi vaðfugla urðu miklar breytingar. Fjórar tegundir sem áður töldust ekki í hættu eru nú flokkaðar „í nokkurri hættu“ (VU). Þetta eru lóupræll, stelkur, heiðlóa og spói. Talningar sýna að þessum fuglum hefur farið fækkandi víðs vegar um landið á undanförunum árum.“

Það að fyrirtæki með stórfelld áform í nytjaskógrækt hafi hugsað sér að skauta fram hjá grundvallarrannsóknnum á borð við fuglarannsóknir á svæðinu verður að teljast verulega umhugsunarvert, ekki síst í ljósi þess að hér á Íslandi berum við ábyrgð á 30 – 50% heimsstofnsins sbr. spóa og lóu en þessum tegundum okkar sem komnar eru á válista fer ört fækkandi samkvæmt rannsóknnum eins og áður greinir. Það að vitna til fuglategunda á erlendum vettvangi sem hafast við í skógum, þá er sú staðreynd einnig góð og gild en sú staðreynd hefur hins vegar ekkert með íslenskar aðstæður og staðreyndir að gera og þess vegna hefur bæði mólendi og votlendi hér á landi svo gríðarlega miklum tilgangi að þjóna svo viðkomandi tegundir mó- og vaðfugla fái áfram að njóta búsvæða sinna hér á landi sem að skógræktin sækir hins vegar töluvert á. Samanburður í þessum efnum til réttlætningar óheftri skógrækt á því ekki við rök að styðjast í þeim tilgangi að verja þær fuglategundir sem skipta okkur mestu og við berum sannarlega ábyrgð á. Ekkert af þeim spörfuglum sem eru trjáfuglar eru ábyrgðartegundir hér á landi, hvað þá á válista. Skógræktariðnaðurinn verður því að skilja í hverju verndarstefna og ábyrgð okkar fellst hvað fuglalíf varðar og mikilvægi verndunar búsvæða á borð við votlendi. Landvernd gerir því að sjálfsögðu kröfu á að staðið verði að fullnaðarfuglarannsóknnum á svæðinu. Það fer því sérstaklega illa saman að fyrirtækið hyggist ekki láta fara fram rannsóknir hvorki á vistgerðum sem fyrir eru né fuglalífi, en segja með hinni hendinni sbr. bls. 28 í niðurlagi að „Í umhverfismatsskýrslu verða dregnar saman líklegar breytingar á fuglalífi sem fyrirhuguð skógrækt kemur til með að valda, byggt á fyrirliggjandi rannsóknnum og þekkingu.“

Vatnsvernd og vatnsbúskapur

Landvernd leggur áherslu á eftirfarandi ábendingar.

Hluti fyrirhugaðs skógræktarsvæðis nær inn á brunnsvæði VB2 og grannsvæði/fjarsvæði vatnsverndar í Borgarbyggð. Nauðsynlegt er að meta umhverfisáhrif á vatnsgæði (grunnvatn og yfirborðsvatn), áhrif á endurnýjun grunnvatns og náttúrulegt rennslismynstur. Meta þarf hættu á súrnun jarðvegs og áhrif barrtrjáa á sýrustig jarðvegs og vatns. Lagt er til að við umhverfismat verði horft til sambærilegra varúðarákvæða og HEV hefur áður sett fram til umsækjanda vegna skógræktar á sama landi. Aðeins skal gróðursetja lauffré innan vatnsverndarsvæða nema fram liggja viðurkennd áhættugreining sem sýnir fram á að barrtrjáplöntun hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsgæði. Gróðursetning skal ekki fara fram á eða við

votlendi og svæði með hátt verndargildi samkvæmt vistgerðakortlagningu. Jarðvinnslu innan vatnsverndarsvæða ætti að banna með öllu.

Lokaorð

Niðurstaða Landverndar er að viðkomandi fyrirtæki, Heartwood Afforested Land ehf., þurfi að horfa til aðstæðna sem eiga við um á Íslandi í ljósi sérstöðu, t.d. hvað varðar vistgerðir og fuglalíf. Þá virðist skorta heildarsýn um loftslagsávinning verkefnisins og að færð séu fyrir því rök að verkefnið standist þær krítéríur sem þurfa að liggja til grundvallar loftslagsmarkmiðum Íslands. Þá verður að gagnrýna umfjöllun á 200 ha ræktarlandi þar sem valkostinum endurheimt votlendis er ekki einu sinni varpað upp þótt augljóst liggi fyrir að engin einstök aðgerð í loftslagsmálum er eins árangursrík og skjótvirk til að koma í veg fyrir losun kolefnis. Landvernd telur því að fyrirtækið Heartwood Afforested Land ehf. þurfi að leggja í umtalsverða vinnu við að leiðrétta þessa matsáætlun og uppfæra í umhverfismatsskýrslu svo trúverðugt geti talist.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir formaður

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 15. ágúst 2025
202507-0098/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Matsáætlun - Skógrækt í landi Varmalækjar Skipulagsstofnun.

Inngangur

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar vegna matsáætlunar fyrir fyrirhugaða skógrækt í landi Varmalækjar í Borgarfirði sem barst Náttúruverndarstofnun 11. júlí 2025.

Framkvæmdarlýsing

Heartwood Afforested Land ehf. (hér eftir framkvæmdaraðili), áformar að rækta nytjaskóg á um 70–80% af 847 ha landi jarðarinnar Varmalækjar í Borgarfirði.

Í greinargerð kemur fram að áætlað sé að gróðursetja 1,2–1,7 milljónir trjáa á árunum 2026–2029, þar á meðal alaskaösp, sitkagreni, lerki, furu og birki. Gert er ráð fyrir að skógrækt fari fram á fjölbreyttu landi, þar á meðal ræktunartúnum, mólendi, graslendi, melum og ógrónu landi.

Skipulagssvæðið nær yfir um 600–700 ha og spannar mestan hluta jarðarinnar. Svæðið liggur við mynni Flókadals, nær að Flókadalsá í norðri og Varmalækjarmúla í suðri.

Borgarfjarðarbraut og Flókadalsvegur liggja um landið og þar eru einnig brunnsvæði og vatnsverndarsvæði. Samkvæmt matsáætlun er birkiskógur á um 19% landsins og nýtur hann verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og fram kemur að ekki verði gróðursett innan hans.

Framkvæmdin felur í sér umtalsverða breytingu á landnotkun. Svæðinu verður skipt upp í áfanga sem spanna tímabilið 2026–2029. Lagt er upp með að vinna jarðveg að hluta, einkum á framræstum túnum, og beita áburðargjöf við gróðursetningu. Þá verður lagður slóði í fjallshlíð til að tryggja aðgengi að svæðinu. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð utan nauðsynlegra slóða, og verður gróðursetning að lágmarki 5–10 m frá lækjum, slóðum og raflínunum.

Í matsáætlun kemur fram að meta eigi áhrif á gróður, fuglalíf, vatnafar, fornleifar, landslag og landnotkun. Að mati Náttúruverndarstofnunar eru þetta viðeigandi þættir, en stofnunin leggur áherslu á eftirfarandi atriði:

- Gróður og vistgerðir: Mikilvægt er að meta áhrif á verndaðar (skv. Bernarsamningnum) og viðkvæmar vistgerðir, einkum birkiskóg, votlendi og mólendi með hátt eða mjög hátt verndargildi.
- Fuglalíf: Þarf að greina áhrif á varpskilyrði ábyrgðartegunda eins og spóa og heiðlóu.
- Vatn og votlendi: Meta þarf áhrif skógræktar á grunnvatn, vatnsgæði og votlendisbúsvæði, m.a. innan vatnsverndarsvæða.
- Landslag og ásýnd: Gera skal grein fyrir sjónrænum áhrifum skógræktar með viðurkenndri aðferðafræði.
- Landnotkun og skipulag: Meta þarf áhrif á ræktanlegt land og hvort framkvæmdin samræmist markmiðum sveitarfélagsins.
- Mótvægisáðgerðir og vöktun: Nauðsynlegt er að gera grein fyrir fyrirhuguðum áðgerðum til að lágmarka áhrif og tryggja vöktun.
- Valkostir og núllkostur: Meta þarf raunhæfa valkosti og rökstyðja hvort unnt sé að draga úr umhverfisáhrifum með breyttri afmörkun eða umfangsminni framkvæmd.

Gróður og vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað skógræktarsvæði samanstendur af mosa-, mólendi, graslendi, framræstu landi, túnum og birkiskógi. Auk þess kemur fram að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar eru innan framkvæmdasvæðisins m.a. fjalldrapamóavist, stinnastaravist, grasmóavist og starungsmýrarvist. Nokkrar þessara vistgerða hafa hátt eða miðlungs verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Náttúruverndarstofnun bendir á eftirfarandi:

- Gróðurfur svæðisins er fjölbreytt og inniheldur vistgerðir með mjög hátt verndargildi, m.a. starungsmýrarvist.
- Fjölmargar vistgerðir á svæðinu eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- Engar vettvangsrannsóknir eru fyrirhugaðar, þrátt fyrir að fyrirbyggjandi gögn séu ekki fullnægjandi til að staðfesta útbreiðslu vistgerða.
- Að mati Náttúruverndarstofnunar er þörf er á vettvangsúttekt til að staðfesta afmörkun vistgerða og leggja mat á áhrif gróðursetningar.
- Kortleggja og meta ætti áhrif framkvæmdarinnar á náttúrulegan bakkagróður lækja og tjarna sbr. 62. gr. náttúruverndarlaga
- Mótvægisáðgerðir, t.d. breytingar á tegundavali eða að svæði verði undanskilin, þurfa að byggja á slíkri greiningu.
- Vernd vistgerða og fjölbreytts gróðurs á svæðinu er í samræmi við markmið 4. og 5. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.
- Samkvæmt lögum nr. 111/2021 og samningi um líffræðilega fjölbreytni ber að meta áhrif á vistkerfi á grunni vandaðrar gagnasöfnunar og líffræðilegs fjölbreytileika.
- Skógrækt sem raskar vistgerðum með verndargildi getur dregið úr fjölbreytni vistkerfa og brýtur gegn markmiðum um sjálfbæra nýtingu lands.

Friðaðar æðplöntur, mosar og fléttur

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna¹ eru tilgreindar tegundir friðaðar hvar sem þær finnast. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum tegundum og náttúrulegu gróðurfari, og stuðla þannig að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni í náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á eftirfarandi:

- Meta skal sérstaklega hvort friðaðar tegundir æðplantna, mosa eða fléttna finnast innan framkvæmdasvæðis.
- Rannsóknir og úttektir á gróðri þurfa að taka mið af friðunarákvæðum og ná yfir hugsanleg búsvæði friðaðra tegunda.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að koma skýrt fram hvort slíkar tegundir séu skráðar, og ef svo er, hvernig þeim verði hlífð eða gripið til mótvægisáðgerða.

Fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fuglalíf á svæðinu sé fjölbreytt og að þar megi meðal annars gera ráð fyrir tegundum á borð við skógarþröst, þúfutittling, músarrindil, rjúpu, heiðlóu og spóa. Birkiskógur er talinn henta skógartegundum, en mólendi og tún mögulegum varpstöðvum mófugla. Ekki er þó gert ráð fyrir að framkvæmdaraðili framkvæmi sérstakar vettvangsrannsóknir á fuglum, þar sem svæðið sé ekki skráð sem mikilvægt fuglasvæði og fuglategundirnar séu vel þekktar í öðrum rannsóknnum.

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Náttúruverndarstofnun bendir á að á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, þ.e. heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.²

Heiðlóa og spói eru ábyrgðartegundir Íslands vegna þess hve stór hluti heimsstofna þeirra verpir hér á landi og eiga þær undir högg að sækja að því er talið vegna búsvæðaeyðingar af völdum mannlegra umsvifa. Heiðlóu og spóa hefur fækkað mikið á síðustu árum og nýbirtur

¹ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

² <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

válisti fugla frá Náttúrufræðistofnun³ sýnir að tegundirnar hafa færst um tvo flokka frá síðustu flokkun árið 2018 — nú teljast þær í nokkurri hættu en 2018 ekki í hættu. Spói og heiðlóa verpa almennt ekki í skóglendi og rannsóknir hafa sýnt mikil jaðaráhrif skóga á þær, þ.e. þær kjósa að verpa frekar fjarri skógum en nálægt þeim⁴. Í kjölfarið af því má færa rök fyrir því að gott væri að rannsaka fuglalíf á svæði aðliggjandi framkvæmdasvæðinu, svo möguleg jaðaráhrif komi fram í matinu.

Einnig má nefna að ef athuganir koma til með að sýna lítinn þéttleika fugla innan vistgerða sem almennt henta fuglum vel þarf þó að taka tillit til þess að rask á þeim vistgerðum er engu að síður búsvæðaeyðing, þar sem fuglar gætu þurft að nota þessi búsvæði í framtíðinni, svo sem vegna rasks á öðrum búsvæðum þeirra eða ef stofnar skyldu aftur stækka í fyrra horf.

Náttúruverndarstofnun bendir á að eftirfarandi skref séu nauðsynleg við gerð umhverfismatsins:

- Fara þarf í vettvangsathuganir á fuglalífi á svæðinu yfir varptíma (maí–júní) til að meta fuglalíf, einkum mófugla.
- Gera skal þéttleikamat og útbreiðslukort yfir helstu tegundir innan áhrifasvæðis, með áherslu á ábyrgðartegundir Íslands, s.s. spóa og heiðlóu.
- Greina skal breytingu á búsvæðum fugla sem skógrækt kann að valda, sérstaklega þar sem skógrækt tekur við af mólendi, tjörnum, votlendissvæðum, framræstum túnum eða opnum svæðum sem mófuglar nýta.
- Meta skal hvort til staðar séu búsvæði með hátt verndargildi, m.a. á grunni vistgerðaflokkunar.
- Setja þarf fram tillögur að mótvægisáðgerðum, t.d. með því að undanskilja ákveðin svæði gróðursetningu, stilla þéttleika skógar í hóf eða breyta tegundavali.

Náttúruverndarstofnun bendir jafnframt á:

- Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á vernd spóa og heiðlóu sem varpfugla samkvæmt alþjóðasamningnum og samningi um líffræðilega fjölbreytni.
- Almennt mat byggt á vistgerðum dugar ekki til að meta áhrif framkvæmda á fuglalíf – það þurfa að liggja fyrir staðbundin gögn um varp.
- Skógrækt á opnu landi sem nýtt er af mófuglum getur haft varanleg neikvæð áhrif á fuglalíf.

Sérstök vernd samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að birkiskógur og votlendi ≥ 2 ha finnist innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis. Báðar vistgerðir njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ekki er gert ráð fyrir gróðursetningu innan birkiskógar, en ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um legu og umfang votlendis. Þá er Blundsvatn innan jarðarinnar en áhrif framkvæmda á það eru ekki metin sérstaklega.

³ Náttúrufræðistofnun - Válisti fugla 2025

⁴ Aldis E.P. o.fl., 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59, bls. 2456–2467.

Náttúruverndarstofnun bendir á eftirfarandi:

- Kortleggja þarf birkiskóg og votlendi sem er stærra en 2 ha sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.
- Nauðsynlegt er að afmarka votlendi með vettvangsrannsóknnum.
- Blundsvatn og aðliggjandi svæði ættu að koma til sérstakrar skoðunar.
- Ef framkvæmdin getur raskað vernduðum tegundum og vistgerðum með hátt verndargildi þarf að sýna fram á að aðrir kostir hafi verið metnir og brýn nauðsyn sé til staðar.
- Greina þarf mögulegar mótvægisaðgerðir og framfylgja skyldum leyfisveitenda samkvæmt 3. mgr. 61. gr.

Landslag og ásýnd

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað skógræktarsvæði sé víðfeðmt, opið og að mestu skóglaut, með miklu útsýni til suðurs og vesturs. Landið nær yfir hlíðar Varmalækjarmúla og tengist skógræktarsvæði í landi Múlastaða. Áform eru um að meta áhrif á ásýnd og landslag með myndrænni framsetningu og aðferðum byggðum á GLVIA (Guidelines for Landscape and Visual Impact Assessment).

Mat á landslagi er skylt samkvæmt 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem segir að við framkvæmdir skuli huga að áhrifum á ásýnd lands og setja megí skilyrði eða takmarkanir ef framkvæmd telst hafa neikvæð áhrif. Þá hefur Ísland fullgilt evrópska landslagssamninginn og skuldbundið sig til að vernda og skipuleggja landslag með tilliti til sjálfbærrar þróunar

Tegundaval og áhrif á náttúru

Í greinargerð kemur fram að gróðursettar verði fimm tegundir: alaskaösp, sitkagreni, lerki, fura og birki. Tegundaval byggist á vexti og timburnytjum. Birki er fyrst og fremst ætlað að mýkja umhverfi skógarins og verður gróðursett meðfram árfarvegum og birkiskógi. Í greinargerð kemur einnig fram að innlendar tegundir einar og sér skili ekki þeirri afurð sem framkvæmdaraðili sækist eftir.

Náttúruverndarstofnun bendir á eftirfarandi atriði sem þarf að rannsaka og meta í umhverfismatinu:

- Meta skal hvernig val tegunda hefur áhrif á ásýnd land, vatnafar, vatnshlot, kolefnisbindingu og möguleika til endurheimtar vistkerfa.
- Greina þarf áhrif sitkagrenis og alaskaaspar sérstaklega, þar sem þær eru „hraðvaxta“ tegundir sem geta dregið úr fjölbreytni í gróðri, fuglalífi og ásýnd.
- Meta skal hvaða mótvægisaðgerðir geta dregið úr neikvæðum áhrifum tegundavals, t.d. með fjölbreyttari tegundasamsetningu, hóflegum þéttleika og notkun birkis sem jaðargróðurs.
- Rannsaka þarf hvort einhverjar fyrirhugaðar tegundir séu taldar ágengar, og byggja það mat á flokkun og áhættumati Náttúrufræðistofnunar (2022) um ágengar plöntur á Íslandi.

Auk þess vill stofnunin benda á að í nýlegri íslenskri langtímarannsókn⁵ á stafafuru sem var gróðursett í skógrækt í Steinadal um miðja 20. öld kemur fram að tegundin hafi breitt tífalt úr sér miðað við áætlun og sýni af sér veldisvöxt. Hún hefur tekið yfir fjölbreytt búsvæði, þ. á m. innlenda birkiskóga og heiðalönd. Tegundin tengist mikilli minnkun í tegundaauði og fjölbreytileika æðplantna innan vistkerfa.

Í greininni er vísað í Nýsjálenska rannsókn, þar sem tegundum æðplantna á grassvæðum hefur fækkað á 20 ára tímabili úr 38 niður í 7 þar sem stafafura hefur gerst ágeng eftir skógrækt — og engar tegundanna sem stóðu eftir voru innlendar.

Niðurlag rannsóknarinnar er að í Steinadal hafi stafafura eiginleika framandi ágengrar lífveru og að hægt væri að yfirfæra þá skilgreiningu á flest innlend vistkerfi á láglendi landsins. Framandi ágengar tegundir eru ein helsta áhættan sem steðjar að líffræðilegum fjölbreytileika.

Náttúruverndarstofnun bendir á að matið ætti m.a. að taka mið af rannsókninni, þó stafafura sé eins og er ekki formlega flokkuð sem ágeng tegund. Það þarf ekki að vera vegna þess að hún sé ekki ágeng, heldur að ekki hafi nýlega verið farið í ákvörðunarferli varðandi flokkunina.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að vernda líffræðilegan fjölbreytileika, en Ísland er aðili að ýmsum alþjóðasamningum þess efnis, þ. á m. Bernarsamningnum og Samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að meta mögulega útbreiðslu trjátegunda sem gætu tekið yfir nálæg landsvæði og haft neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika, líkt og stafafura hefur gert í íslenskri náttúru.

Loftslagsáhrif og kolefnisbinding

Í greinargerð kemur fram að um þriðjungur svæðisins sé rýrt og rofið land, þar sem skógrækt er talin skila meiri kolefnisbindingu en núverandi ástand. Fullyrt er að skógarvistkerfi bindi meira kolefni en önnur þurrlendisvistkerfi og að áhrif framkvæmdarinnar á loftslag verði jákvæð í heild. Því sé ekki talin þörf á að fjalla sérstaklega um loftslagsáhrif í umhverfismatsskýrslu.

Náttúruverndarstofnun bendir á eftirfarandi atriði sem þarf að meta í umhverfismatinu, ef loftlagsmál verða hluti af því:

- Jarðrask vegna jarðvinnslu, framræslu og vegslóða getur valdið kolefnislosun úr jarðvegi, sérstaklega þar sem votlendi eða viðkvæmar og verndaðar vistgerðir verða fyrir áhrifum.
- Loftslagsáhrif framkvæmda verða ekki metin með fullnægjandi hætti án samanburðar á kolefnisbindingu og losun, m.t.t. mismunandi landgerða og vistkerfa innan svæðisins.
- Skógrækt á vistgerðum með hátt náttúruverndargildi (t.d. mólendi, votlendi, birkiskógi) getur rýrt líffræðilega fjölbreytni og búsvæði ábyrgðartegunda fugla, sem Ísland ber alþjóðlega verndarskyldu gagnvart. Verndun vistkerfa, fuglalífs og tegundafjölbreytni er lykilþáttur í loftslagsaðlögun samkvæmt náttúruverndarlögum, Bernarsamningnum og samningi um líffræðilega fjölbreytni.

⁵ Pawel W., Guðrún Ó. og Þóra E.P. (2025). Lodgepole pine (*Pinus contorta* Douglas ex Loudon) invasion in subarctic Iceland: evidence from a long-term study, *NeoBiota*, 97, bls. 47-66

- Mat á loftslagsáhrifum þarf að byggja á heildarsýn þar sem kolefnisbinding, landnotkunarbreytingar og vernd náttúru fara saman.

Núllkostur og valkostagreining

Í umhverfismatsskyldum framkvæmdum ber að leggja fram greiningu á valkostum, þar á meðal svonefndan núllkost – sem felur í sér að hætta við eða að framkvæma ekki áformaða framkvæmd.

Samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal í matsskýrslu koma fram lýsing á þeim valkostum sem skoðaðir voru, ástæður þess að öðrum kostum var hafnað, og skýr greinargerð um áætlaðar afleiðingar þess að hætta við framkvæmdina (núllkostur). Þessi krafa er nánar útfærð í reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum, þar sem kemur fram að meta skuli bæði umhverfislegar, samfélagslegar og efnahagslegar afleiðingar núllkosta, og leggja fram samanburð á þeim og öðrum valkostum.

Náttúruverndarstofnun bendir á eftirfarandi:

- Núll kostur gegnir lykilhlutverki við að sýna fram á þörf og réttlætingu framkvæmdar með tilliti til almannahagsmuna og vernd náttúru.
- Greina þarf áhrif þess að skógrækt fari ekki fram á viðkomandi svæði, þar með talið áhrif á landnýtingu, kolefnisbúskap, vernd vistgerða, búsvæða fugla og ásýnd lands.
- Matsáætlun ætti að gera skýra grein fyrir því hvernig núllkosturinn verður metinn í umhverfismatinu og hvað felst í honum – t.d. hvort um sé að ræða áframhaldandi beit, óraskað land eða mögulegar aðrar landnýtingarleiðir.
- Núllkostur er einnig mikilvægur í tengslum við mat á brýnni nauðsyn samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, þegar verndaðar vistgerðir eru í húfi.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
Sent í skipulagsgátt

Selfossi 15. ágúst 2025

Efni: Matsáætlun vegna skógræktar í landi Varmalækjar, mál nr. 1026/2025

Eftirfarandi eru athugasemdir Vína íslenskrar náttúru, VÍN, við matsáætlun EFLU fyrir hönd Heartwood Afforested Land ehf. vegna 847 hektara skógræktar, með að stærstum hluta framandi tegundum trjáa, í landi Varmalækjar í Flókadal.

VÍN vill byrja með að benda á að skógræktaráform Heartwood Afforested Land ehf (hér eftir Heartwood) samræmast ekki samþykktum sveitarfélagsins hvað varðar 1) að nýta ekki ræktarland fyrir skógrækt, 2) planta ekki skógi í framræst land, og 3) að veita ekki leyfi fyrir meiru en 90 hektara skógrækt. Sveitarfélagið hafnaði skógrækt á hluta þessa svæðis á fundi 6. desember 2024, eins og fram kemur í [fundargerð](#): „Skipulags- og byggingarnefnd hafnar framkominni framkvæmdarleyfisumsókn á grundvelli þess að 104 ha séu á mjög góðu og samfelldu ræktanlegu landi sem haldið skal til haga til matvæla- og fóðurframleiðslu skv. aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.“

Í matsáætluninni er ekki minnst á markmið skógræktarinnar að framleiða kolefniseiningar. Samkvæmt matsáætluninni er markmið framkvæmdarinnar aðeins að rækta „*sípekjuskóg sem skapar timburnytjar, ásamt fleiri gæðum skógsvistkerfis*“. Þetta er í andstöðu við yfirlýst markmið framkvæmdanna í umsóknum Heartwood til sveitarfélagsins um framkvæmdaleyfi.

Vegna framantalinnna atriða telur VÍN að vísa beri matsáætluninni frá vegna forsendubrests og verulegra ágalla.

Í umsögninni hér á eftir er fjallað um einstaka kafla matsáætlunar í þeirri röð sem þeir eru settir fram.

1 INNGANGUR

1.1 Almenn

Það er alvarlegt inngrip í náttúruna þegar komið er í veg fyrir að náttúrulegir birkiskógar dreifist út að sjálfu sér. Vexti birkiskógar fylgir mikil mælanleg mikil mælanleg kolefnisbinding í jarðvegi og gróðri ([Sólveig Sanchez o.fl. 2025 - Science of the Total Environment](#)), sem er mjög hagkvæm leið til kolefnisbindingar og hefur ekki hefur neikvæð áhrif á umhverfið eins og áformuð framkvæmd hefur.

Síðar í matsáætluninni er sérstaklega tekið fram að útmörk birkiskógarins hafi lítið breyst síðan á áttunda áratug síðustu aldar. Ekki eru settar fram neinar mögulegar ástæður fyrir því, eða fjallað um hvort aðstæður gætu nýlega hafa breyst eða hvort hægt væri að ýta undir sjálfsáningu skógarins með einhverjum hætti. Því verður að teljast líklegt að áðurnefnd staðhæfing hafi verið sett fram til að réttlæta skógrækt við mörk birkiskógarins og lýsing á nánasta umhverfi skógarins hefði gefið betri upplýsingar, eru t.d. vistgerðirnar í kring ekki hentugar fyrir landnám birkis?

Það hlýtur að vera sjálfsögð krafa að framkvæmdaaðili leggi fram vandaða óháða skógræktaráætlun sem fylgiskjal með matsáætluninni. Gera verður kröfu um að í umhverfismatsskýrslunni verði gerð grein fyrir nákvæmri hektaratölu þess svæðis sem umrædd skógrækt eigi að spanna og hnítum svæðisins.

Í þessum kafla kemur fram að þegar hafi fengist leyfi til skógræktar á um 82,5 ha svæði innan jarðarinnar. Þetta leyfi var veitt á mun veikari forsendum en gerðar eru í umhverfismati og án þess að Heartwood hafi gert sveitarfélaginu grein fyrir þeim stórtæku framkvæmdum sem núna eru kynntar í matsáætluninni. Ef gróðursetning í þetta svæði verður hafin á þessu ári þá breyta forsendur fyrir matsáætluninni og ráðgerðu umhverfismati.

Hér kemur einnig fram að markmiðið sé að skapa timburnytjar. Ræktun skóga til timburnytja og til sölu kolefniseininga fer ekki vel saman því [aðeins lítil hluti kolefnisins binst í varanlegum timburafurðum](#).

2 UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

2.1 Staðsetning og staðhættir

Í þessum kafla kemur fram að á fyrirhuguðu skógræktarsvæði eru bæði brunnsvæði og fjarsvæði vatnsverndar ásamt vatnsbóli. Gerð er krafa um að nákvæm staðsetning þessara svæða verði sýnd á korti í umhverfismatsskýrslunni.

3 VALKOSTIR

Tegundaval

Í matsáætlun framkvæmdaaðila eru taldar upp fjórar framandi tegundir og ein innlend, birki. Erlendu tegundirnar eru sagðar vaxa hratt og skila meiri timburnytjum en innlendar. „Innlendar tegundir uppfylla ekki þau skilyrði og skila ekki þeirri afurð sem sóst er eftir. Því verður ekki fjallað sérstaklega um plöntun með öðrum tegundum. Framkvæmdaraðili notar eingöngu þær tegundir sem leyfilegt er að nota í skógrækt á Íslandi skv. gildandi lögum og reglum.“ Það er mótsögn falin í þessum fullyrðingum, nema að birkið sem átt er við í upptalningunni sé erlent og því krefst textinn nánari útskýringar. Einnig er ranglega látið liggja að því að í lögum sé á einhvern hátt endanlega búið að ákveða að nota megí ákveðnar tegundir eins og mönnum hentar án tillits til aðstæðna.

Hluti tegundanna sem taldar eru upp teljast ágengar, bæði hér á landi og erlendis. Erlendar rannsóknir og reynsla ásamt íslenskum rannsóknum benda til að stafafura sé býsna ágeng, dreifir sér auðveldlega langar leiðir. Gera verður grein fyrir hvernig á að ábyrgjast að stafafuran haldi sig á tilgreindum svæðum, og ef það er ekki hægt hvort stafafura verði útilokuð frá verkefninu eða ákveðnum hlutum þess. Einnig er vel þekkt að barrskógar, bæði fura og greni geta valdið súrnun jarðvegs og losun óæskilegra efna (áljóna og þungmálma) út í afrennslisvatn. Gera þarf grein fyrir mögulegum/líklegum áhrifum á vatnshlot Blundsvatns, lækja og Flókadalsár. Ræktun stafafuru í kolefnisríku mólendi kemur til með að skaða verulega líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Af því leiðir að nýting náttúruauðlinda svæðisins með þessari tegund skógræktar getur aldrei orðið sjálfbær. Framkvæmdaaðili þarf að gera grein fyrir því hvernig hann hyggst takast á við ofangreindar staðreyndir sem setja ákveðnar áskoranir á skógræktarframkvæmdir á Varmalæk.

Gera þarf ítarlega grein fyrir því hversu mikið og hvaða tegundir á að gróðursetja á hvaða svæði á hverju ári, m.a. til að skógurinn verði ekki mjög einsleitur í aldri og gerð, en það rýrir skógarvistkerfið og skapar meiri hættu á alvarlegum áföllum.



*Land sem hafði áður mikla fjölbreytni æðplantna er breytt með barrskógi í nær lífvana svörð.
Ljós. Sigurður H. Magnússon.*

Gróðursetningaraðferðir

Í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum verður framkvæmdaaðili að gera grein fyrir mismunandi aðferðum við gróðursetningu og tilheyrandi losun á kolefni er af þeim hlýst.

Einnig er látið sem að það þurfi ekki að bera saman neina kosti aðra en að nota framangreindar tegundir og á þann hátt sem landeigandinn vill og að núllkostur komi ekki til greina. Hér vantar að gerð sé grein fyrir tegundavalinu og áhrifum þess á náttúrulega líffræðilega fjölbreytni á Íslandi og þ.a.l. þá afstöðu að réttlætanlegt sé að nota framandi og jafnvel ágengar tegundir til að skapa timburnytjar fyrir erlenda aðila/fyrirtæki. Framkvæmdaaðili verður að hafa það hugfast að framandi ágengar tegundir eru helsta ógnin sem steðjar að líffræðilegri fjölbreytni hér á landi og taka tillit til þess í gróðursetningum sínum. Ísland er aðili að ýmsum alþjóðasamningum um að vernda líffræðilega fjölbreytni, þ.a.m. Bernarsamningnum og samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni.

Ræktun nytjaskóga með fáum hraðvaxta innfluttum tegundum samrýmist ekki sjónarmiðum um náttúruvernd og mælt er gegn slíkri ræktun í nafni loftslagsaðgerða af alþjóðlegu umhverfisverndarsamningunum. Ljóst má vera að verkefnið er hreinræktað timburframleiðsluverkefni eins og sjá má á bls. 18, þar sem segir: „*Landeigandi fjárfesti í jörðinni með nytjaskógrækt í huga...*“. Innlenda tegundin (birki) verður ræktuð á jöðrunum „*til að mýkja ásýnd*“ (bls. 20), en það orðalag viðurkennir í raun neikvæð sjónræn áhrif skógræktar á Varmalæk.

Við teljum að umtalsvert kolefni muni safnast fyrir í jarðvegi og gróðri þótt engin skógrækt verði stunduð á svæðinu. Gera má ráð fyrir að birki og víðir geti dreifst um svæðið af sjálfsdáðum, líkt og gerst hefur víða hérlendis sl. ár með minnkandi beit og hlýnandi veðurfari. Slík uppbygging

líffræðilegrar fjölbreytni er í anda þess sem ráðlagt er, þar sem saman koma náttúruverndarsjónarmið með endurheimt náttúrulegra vistkerfa, sjónarmið líffræðilegrar fjölbreytni og kolefnisuppsöfnun er tímar líða. Slík framkvæmd er einnig hagkvæmust (ódýr og árangursrík).

Tún á Varmalæk

Sjá má á mynd efsta á bls. 27 að flest túnanna á Varmalæk eru ræktuð á framræstu votlendi. Í upptalningu skýrsluhöfunda um valkosti hefur láðst að nefna vænlegasta valkostinn það er að endurheimta votlendi á þessu framræsta landi með öllum þeim ávinningi sem af því hlytist, sjá vef Lands og skógar: [Fræðslubæklingur um vernd og endurheimt mýra](#).

Núllkostur

Í þessum kafla matsáætlunarinnar stendur eftirfarandi: „Í núllkosti felst að ekki verði nein skógrækt á jörðinni Varmalæk og náttúra svæðisins heldur áfram að þróast á sama hátt. Landeigandi fjárfesti þó í jörðinni sérstaklega með nytjaskógrækt í huga og verður það eini landbúnaðurinn sem framkvæmdaraðili hyggst stunda á fyrirhuguðu skógræktarsvæði. Núllkostur er því ekki raunhæfur valkostur af hans hálfu og verður ekki fjallað um hann frekar.“

Þetta eru óásættanleg rök. Það er ekki hægt að ganga út frá því sem sjálfgefnu að framkvæmd sem hefur neikvæð áhrif á umhverfið verði samþykkt bara vegna þess að þegar hafi verið fjárfest í jörðinni.

Nánast alls staðar á láglandi landsins og mjög víða í hálendisbrúninni og á hálendi er illa farið land að gróa upp af sjálfsdáðum. Rofabörð eru að lokast, bæði þar sem búfjárbætt hefur verið hætt eða er hófleg. Víðitegundir sækja inn í gróið og lítt gróið land, gróska er að aukast með hlýnandi tíðarfari. Er endurheimt náttúrulegra vistkerfa með landgræðslu ekki kostur?

Vitaskuld er endurheimt votlendis og náttúrulegra vistkerfa vænlegur kostur!

4 UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA

4.1 Tilgangur og markmið

Brýnt er að framkvæmdaaðili geri nánari grein fyrir við hvað er átt hér „...ásamt fleiri gæðum skógarvistkerfis“ ekki síst þar sem ekki er almenn sátt um hver þau séu.

4.4.1. Tegundasamsetning og gróðursetning

Eins og áður hefur verið lögð áhersla á er brýnt að framkvæmdaaðili geri ítarlega grein fyrir hvar nákvæmlega umræddar tegundir verði gróðursettar og í hvers konar vistgerðir svo unnt verði að sjá meðal annars hvar neikvæðu áhrif barrtegundanna koma fram.

Alaskaösp og greni vaxa hratt en það er ekki þar með sagt að þessar tegundir skapi verðmætt timbur eins og haldið er fram.

4.4.2 Aðkoma og vegagerð

Brýnt er að framkvæmdaaðili geri betur grein fyrir umfangi vega og slóða svo unnt sé að áætla losun kolefnis frá því raski.

5 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

5.1 Umhverfispættir

Umfjöllun í þessum kafla matsáætlunarinnar er mjög gildishlaðin og eiginlega fullyrt að öll skógrækt sé af hinu góða af því að Sameinuðu þjóðirnar (SP) segja að nú sé að renna upp áratugur skógræktar. Þessi afstaða er óásættanleg í matsáætlun fyrir 847 hektara lands. Eitt af aðalmarkmiðum SP er einnig vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Það eru ekki haldbær rök að losun

kolefnis úr jarðvegi verði lítil frá jarðraski og jarðvinnslu á yfir 80 hekturum af grónu landi. Það hefur takmarkað vægi þó það land sé ekki stór hluti af heildarskógræktaráformunum á þessari jörð.

Jafnframt er ekki gert ráð fyrir umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir. Í skýrslunni segir: „*Innan svæðisins er ekki að finna nútímahraun eða aðrar jarðminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og ekki er gert ráð fyrir að tré og gróður á yfirborði hafi áhrif á jarðmyndanir.*“ Er þá það mál þar með afgreitt? Sýna þarf fram á í mati á umhverfisáhrifum að þessi afstaða eigi rétt á sér.

Framkvæmdaaðili þarf að skýra frá hvar þetta virka rof er „...*sérstaklega þegar landgræðsla fer fram samhliða skógrækt á svæðum þar sem jarðvegur er í virku rofi*“ rétt neðst á bls. 24.

Vitnað er til samnings SP sem hvetur til meiri skógræktar. Sannleikurinn er sá að SP leggja áherslu á náttúrulega skóga. Í [AR6 Synthesis Report frá IPCC \(2023\)](#) segir m.a.: „*However, afforestation or production of biomass crops can have adverse socio-economic and environmental impacts, including on biodiversity, food and water security,*“. Bonn áskorunin, sem Ísland er aðili að gerir einvörðungu ráð fyrir notkun innlendra tegunda samkvæmt viðurkenndum aðferðum (Society for Ecological Restoration, SER-staðlar).

Í skýrslu [IPBES-IPCC \(2021\)](#) (þ.e. vísindaráð loftslags- og líffræðilegrar fjölbreytni samninganna) sem nefnist *Biodiversity and climate change* er þetta meðal ályktana: Vernd og endurheimt náttúrulegra vistkerfa ásamt áherslu á sjálfbæra landnýtingu sameinar best verndun líffræðilegrar fjölbreytni og bindingu kolefnis í vistkerfum (punktar 10-13). Í þessu riti umhverfissamninganna koma fram kröftug andmæli gegn notkun hraðvaxta innfluttra tegunda og einrækt (e. monoculture) vegna neikvæðra umhverfisáhrifa.

Á bls. 54 í skýrslu IPBES-IPCC segir enn fremur (með ítarlegum tilvitnunum): „*Mitigating climate change by devoting vast land areas globally to reforestation and afforestation, an assumption still integral to many climate change mitigation scenarios used in IPCC assessments should be considered unsustainable*“. Þess í stað ætti að leggja áherslu á „modest restoration projects“ með innlendum tegundum í takt við náttúru á hverjum stað. Efnahagsbandalagið hefur tekið svipaða afstöðu. Gera verður þá kröfu til framkvæmdaaðila að losun kolefnis frá rýru landi og rofsvæðum verði mæld.

Í matsáætluninni er engin raunveruleg og fagleg lýsing á fyrirhuguðum landgræðsluáðferðum á jörðinni og umfangi. Bæta verður úr því. Eftirfarandi fullyrðing í matsáætluninni á því ekki við rök að styðjast: „*Uppgræðsla lands og ræktun skógar mun því skila verulega meiri kolefnisbindingu en núverandi ástand*“. Til eru skjalfestar rannsóknir um skógrækt sem leiðir til minni kolefnisbindingar en ógróðursett sambærilegt land, jafnvel meiri kolefnislosunar, sjá t.d. [Tree planting in organic soils does not result in net carbon sequestration on decadal timescales](#). Fullyrðing frá Landi og skógi efst á blaðsíðu 25 er því villandi og að hluta til röng sem og fullyrðing neðst á bls. 28 um viðhorf SP.

Áhrif skógræktar á loftslag geta verið mjög mismunandi eftir aðstæðum, allt frá því að vera töluvert jákvæð í það að vera neikvæð. Þess vegna er mikilvægt að færa fram haldbært mat á því hver heildarloftslagshrif tiltekinnar skógræktar séu líkleg. Þar er m.a. hægt að styðjast við Skógarkolefnisreikni (sem þarf reyndar að leiðrétta fyrir sumar aðstæður) og [vefsjá VÍN um áhrif endurskinsbreytinga](#). Sjá einnig greinar um áhrif endurskinsbreytinga í [greinasafni VÍN](#).

Við mat á loftslagsáhrifum kolefnisbindingar með skógrækt þarf að horfa til heildar áhrifa á loftslag, sérstaklega breytinga á endurskini (albedo) sem geta vegið upp stóran hluta af áhrifum kolefnisbindingar, einkum þegar sígrænum barrtrjám er plantað í land sem er að meðaltali með hátt endurskin, t.d. sinurík gömul ræktarlönd og úthaga. Upplýsingar um áhrif

endurskinsbreytinga á loftslag og heimildir um rannsóknir þar að baki má t.d. finna á vef VÍN, t.d. í greininni [Kolefnisskógrækt – bjargræði eða bölvun?](#)

Að lokum þarf að gera grein fyrir nefndum gæðum áætlaðs skógarvistkerfis umfram það sem fæst með náttúrulegri endurheimt eða vistheimt.

5.2 Gróður

Brýnt er að framkvæmdaaðili geri grein fyrir því hvernig hann hyggst réttlæta það að gróðursetja barrtegundir sem skaða líffræðilega fjölbreytni, sem Íslendingar hafa skuldbundið sig til að vernda í krafti alþjóðlegra samninga – sérstaklega þegar slíkur skaði er gerður í nafni annarra skuldbindinga, þ.e. að draga úr loftslagsáhrifum losunar gróðurhúsalofttegunda.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er að finna rúmlega 30 vistgerðir á skógræktarsvæðinu, þar af margar með hátt verndargildi og/eða mikinn kolefnisforða, vistgerðir sem VÍN telur að beri að varðveita. Sjá nánar vistgerðir merktar með rauðum krossi á [vefsjá VÍN – Rétt tré á réttum stað](#). Þó ekki liggi fyrir upplýsingar um heildarmagn kolefnis í jarðvegi á svæðinu má ætla að helstu vistgerðirnar á skógræktarsvæðinu séu kolefnisríkar, samanber rannsóknir Náttúrufræðistofnunar á magni þess í efstu 10 sm jarðvegs og jarðvegsþykktar.

Vistgerðir innan svæðismarka

Fann 32 vistgerðir:

	Kjarrskógavist (14.4%)	
	Hraungamburvist (12.5%)	
	Tún og akurlendi (12.0%)	
	Stinnastaravist (8.6%)	
	Starungsmýravist (7.8%)	
	Fjalldrapamóavist (7.0%)	
	Língresis- og vingulsvist (6.9%)	
	Lyngmóavist á láglendi (5.2%)	
	Grasmóavist (4.9%)	
	Melagamburvist (3.1%)	
	Urðarskriðuvist (2.7%)	
	Grasvíðiskriðuvist (2.7%)	
	Snarrótarvist (2.7%)	
	Grasengjavist (2.1%)	
	Eyðimelavist (1.0%)	
	Ljónslappaskriðuvist (0.9%)	
	Starmóavist (0.8%)	
	Flagmóavist (0.7%)	
	Mosamelavist (0.6%)	

Vistgerðir sem þekja meira en 0.5% af framkvæmdasvæðinu, skv. Vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar. Rauði krossinn merkir vistgerðir sem VÍN telur að ekki ætti að stunda skógrækt í, en gul spurningamerki tákna að skoða skuli nánar hvort skógrækt sé réttlætanleg í viðkomandi vistgerð.

Gera verður grein fyrir því hvernig tryggja á að framkvæmdin rýri ekki votlendi á svæðinu, t.d. með fræfalli af skógartrjám, ágengni stafafuru og breytingum á vatnsbúskap og vatnshlotum Blundsvatns, Flókadalsáar og lækja.

Því er hafnað að ekki teljist þörf á sérstakri úttekt á gróðurfari á svæðinu og að fyrirhugað skógræktarsvæði sé lítið, en 847 ha geta nú talist stórt skógræktarsvæði á Íslandi. Þá getur svæðið alls ekki talist hátt yfir sjávarmáli, enda er hæsti tindur vesturhluta Varmalækjarmúla um 350 m. Framkvæmdaaðili þarf að laga þetta í skýrslunni um mat á umhverfisáhrifum.

5.3 Fuglalíf

Í matsáætlun segir að innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis séu fjölbreytt vistlendi og „líklega“ fjölbreyttar tegundir fugla líkt og tekið er til orða af höfundum skýrslunnar. Annars segja þeir um fuglalífið að í birkiskóginum sé það „ríkulegt“ og m.a. tegundir líkt og skógarpröstur, þúfutittlingur, hrossagaukur, rjúpa og músarrindill. Um opna landið nefna þeir aðeins svokallaða hraungambravist og segja fuglalíf þar „nokkurt“ og algengustu tegundirnar séu heiðlóa og spói. Athyglisvert í þessu sambandi er að þeir sleppa alfarið að nefna það votlendi sem er inn á svæðinu en á að gróðursetja í. Þessi greining höfundanna byggir algjörlega á almennri þekkingu á búsvæðavali fugla þar sem engin úttekt hefur verið gerð á fuglafánu svæðisins.

Varðandi áhrif skógræktarinnar á fuglalíf þá segja höfundar matsáætlunarinnar m.a. að það „megi“ reikna með að skógræktin skerði búsvæði mófugla líkt og heiðlóu og spóa, og jafnframt benda höfundar réttilega á að þessar tvær tegundir séu svokallaðar ábyrgðartegundir á Íslandi sökum þess hversu stórt hlutfall heildarstofna þessara tegunda verpir hér á landi. Reyndar má bæta við að þetta á við um fleiri tegundir mófugla, tegundir líkt og lóupræl, stelk og jaðrakan, sem örugglega eru varpfuglar á Varmalæk. Við þennan hóp mófugla má bæta einni annarri tegund vaðfugla, nefnilega sendlingi; það á við um allar þessar tegundir mófugla að verndarstaða þeirra er bág bæði hér á landi sem og á heimsvísu. Á [Íslenska válistanum](#) er sendlingur flokkaður sem tegund í hættu, heiðlóa, lóupræll, spói og stelkur sem tegundir í nokkurri hættu og jaðrakan sem tegund í yfirvofandi hættu. Af öðrum fuglum sem nýta opið land sér til fæðuöflunar og varps eru rjúpa, fálki og kjói. Rjúpan er flokkuð á válista sem tegund í nokkurri hættu en hinar tvær sem tegundir í hættu. Væntanlega er eitthvað rjúpnavarp á svæðinu og kjóar nýta það mögulega líka til varps. Hér er bagalegt að hafa ekki gögn. Útbreiðsla fálka er betur þekkt og eitt óðal er við jaðar skógræktarsvæðisins og tvö önnur innan 10 km rásusar frá svæðinu.

Í matsskýrslunni segir enn fremur að það sé líklegt að álfir og gæsir sækja í túnin í landi Varmalækjar. Það skal tekið undir þetta og mjög líklega nýta bæði gæsir og álfir þessi tún um fátímann vor og haust. Þessar tegundir gætu einnig verið að nýta votlendi, bæði óraskað og raskað, sem og graslendi í landi Varmalækjar. En hvaða tegundir gæsa eru þetta? Engin svör er að finna í matsskýrslunni enda ekkert verið hugað að fuglum á svæðinu. Þær tegundir sem koma helst til greina eru grágæs og blesgæs. Grágæsin er flokkuð á válista sem tegund í yfirvofandi hættu og blesgæsin sem tegund í hættu. Gera þarf grein fyrir hvort þessar tvær tegundir nýta svæðið og í hversu miklum mæli?

Öll umfjöllun um fugla í matsáætluninni er yfirborðskennd og ekki vilhöll mófuglum og verndun þeirra. Þannig er fuglalíf í birkiskógum sagt vera „ríkulegt“ en „nokkurt“ í einu vistgerðinni sem nefnd er fyrir opið land. Jafnframt að þetta opna land sé í svo miklum halla að bæði heiðlóa og spói forðist það! Síðan er dregin sú ályktun að það „megi“ reikna með að búsvæði mófugla skerðist! Það má meira en reikna með því að búsvæði mófugla skerðist, ná áætlunin fram að ganga líkt og henni er lýst í matsáætluninni þá er öruggt að mófuglar hverfa af svæðinu og stofnar þessara tegunda verði fátækari sem því nemur. Síðan segir í matsskýrslunni að skógar séu mikilvægustu búsvæði fugla í heiminum m.t.t. tegundarauðgi. Um það skal ekki efast en í okkar íslenska samhengi skiptir það ekki máli þar sem verndarstaða þeirra fugla, sem byggja íslenska skóga, bæði á lands- og heimsvísu er allt önnur og betri en þeirra tegunda er nýta hið opna land.

Varðandi fuglafánuna og búsvæði þeirra er rétt að benda á að hluti af skógræktarsvæðinu er votlendi sem reynt hefur verið að ræsa fram og eins tún á framræstu votlendi. Hér er lag að

styrkja vernd þeirra mófugla sem nýta votlendi með því að fylla upp í skurði og endurheimta votlendið!

Samandregið þá er umfjöllun um fuglalíf og hvernig eigi að meta áhrif skógræktar á það fullkomlega óásættanleg. Skógræktin líkt og hún er kynnt í landi Varmalækjar mun eyða algjörlega búsvæðum mófugla á svæðinu. Í því ljósi verður að gera þá kröfu til framkvæmdaraðilans að meta raunverulega samsetningu fánunnar og varpþéttleika þannig að betur megi greina þau verðmæti sem í húfi eru.

5.4 Grunnvatn, vatnafar og lífríki í vatni

Í matsáætluninni er neðarlega á bls. 30 vitnað í verkefni til að hjálpa lífríki Dee árinna í Skotlandi til að [endurheimta vistkerfi við ána Dee](#), en nánari skoðun á því verkefni sýnir [að þar er einvörðungu unnið með innlendar tegundir](#).

Á blaðsíðu 31 verður ekki látið hjá líða að gera athugasemd við það orðalag í matsáætluninni að „Árbakkar og umhverfi margra helstu laxveiðiaa landsins eru tún sem **þakin** eru áburði á hverju einasta ári“. Þetta stenst ekki. Til þess að þekja eitt meðal stórt tún t.d. 10 hektarar að stærð þyrfti sjálfsagt a.m.k. 100 tonn af áburði eða miklu meira.

Í matsáætluninni kemur réttilega fram að skógræktarsvæðið er innan grunnvatnshlotsins 104-270-G, *Hvítá í Borgarfirði*. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skal vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Eitt vatnshlot má ekki valda skaða á öðru vatnshloti skv. þessum lögum. Gerir framkvæmdaaðili sér grein fyrir að hann getur ekki samkvæmt þessum lögum ræktað barrskóga á og við þessi vatnshlot, vegna líklegar súrnunar jarðvegs og grunnvatns sem leitar inn í þessi vatnshlot, sem ekki má skaða skv. fyrrgreindum lögum.

Höfundar matsáætlunarinnar virðast ekki gera sér grein fyrir því að áður en hægt er að fá leyfi fyrir framkvæmdum eins og þeirri skógrækt sem hér er áformuð, þarf að gera mat á áhrifum á vatnshlot, hvort sem áhrifin eru bein eða óbein. Umhverfis- og orkustofnun, UOS, hefur gert leiðbeiningar um [Áhrifamat fyrir vatnshlot](#) og þar þarf að gera ítarlega grein fyrir áhrifum á líffræðilega -, eðlisefnafræðilega - og vatnsformfræðilega gæðapætti. Eftirfarandi þarf því að leggja fyrir á skógræktarsvæði Varmalækjar:

1. Mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlota fyrir framkvæmdir (allra vatnshlotanna sem eru undir).
2. Mat á áhrifum framkvæmda á vatnshlotin. T.d. breytingar á vatnsformfræði (stíflur, varnargarðar, brýr, ræsi, vatnsveitingar á milli vatnasviða, aukning á gruggi, rennslisbreytingar) sem veldur álagi á vistkerfi vatnshlota.
3. Mat á því hvort áhrifin eru það mikil að þau valdi því að ástand vatnshlota hnignar með tilliti til gæðapáttanna.

Heimild: Eydís Salome Eiríksdóttir

5.5 Fornleifar

Gera verður þá kröfu til framkvæmdaaðila að friðað áhrifasvæði fyrir gróðursetningu verði að lágmarki 100 metrar frá öllum fornminjum og öðrum minjum, samanber niðurstöður [ritrýndrar greinar Pawel Wasowicz](#) o.fl.. Stafafuran virðir ekki 15 m fjarlægð frá þeim, sem krafist er í lögum um minjavernd og mun því kaffæra fornminjar á nokkrum áratugum, að fenginni reynslu víða á landinu.

Framkvæmdaaðili og/eða landeigandi verða að leggja fram tryggingu fyrir fjarlægingu stafafuru frá fornminjum og öðrum helgunarsvæðum um ókomin ár.

Framkvæmdaaðili þarf að leggja fram ítarlega áætlun um framkvæmd vöktunar og hvernig hann hyggst fjarlægja stafafuruna frá friðuðum áhrifasvæðum.

5.6 Landslag og ásynd

Framkvæmdaraðili þarf að gera miklu betri og ítarlegri grein fyrir áhrifum fyrirhugaðra skógræktaráforma á landslagið og ásynd þess. Ljóst er að verði þessi skógrækt að veruleika gjörbreytist ásynd landsins. Landið verður einsleitara og útlínur landsins hyljast. Útsýni til fjalla hverfur í einhverjum tilvikum, sérstaklega fyrir göngufólk.

5.7 Landnotkun

Ljóst er að fyrirhuguð skógrækt mun eyðileggja til ræktunar einhverja hundruð hektara af góðu ræktanlegu landi. Það er ekki í samræmi við núgildandi aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 né nýlegra breytinga á því. Framkvæmdaaðili verður að rökstyðja hvaða almannaeill krefst þess að raska varanlega góðu ræktanlegu landi.

Hafnað er þeirri fullyrðingu framkvæmdaaðila að skógrækt sé afturkræf framkvæmd. Það er óheyrilega dýrt og mikil framkvæmd að rækta land til heyskapar og/eða akuryrkju eftir að skógur er fjarlægður. Hafa verður í huga að afurðir af felldum skógi munu ekki skila miklum arði og einnig að tún og akrar eru ekki að skila miklum arði heldur. Þannig að þó að tæknilega sé gerlegt að fjarlægja tré og rætur í skóglendi þá er það fjárhagslega ógerlegt.

NIÐURSTÖÐUR OG SAMANTEKT

Stjórn VÍN leggur til að Skipulagsstofnun vísi matsáætlun framkvæmdaaðila frá vegna margháttaðra formgalla sem áður er getið.

Til vara leggur stjórn VÍN áherslu á að framangreind atriði verði tekin til skoðunar í umhverfismatinu og að niðurstöður þess verði síðar nýttar til að setja viðeigandi skilyrði við leyfisveitingu, með það að markmiði að tryggja vernd:

- Líffræðilegrar fjölbreytni – Brýnt er að koma í veg fyrir alla gróðursetningu á stafafuru á skógræktarsvæðinu annars mun hún vafalítið skaða líffræðilega fjölbreytni svæðisins og aðliggjandi svæða.
- Landslags og minja.
- Fuglalífs – Fuglafána Varmalækjar er viðkvæm fyrir röskun af völdum skógræktar.
- Vatnsbóla, vatnsgæða og vistkerfa á svæðinu.
- Vatnshlot jarðarinnar.

F.h. stjórnar Vina íslenskrar náttúru,



Sveinn Runólfsson, formaður.

Vinir íslenskrar náttúru

c/o Sveinn Runólfsson
Tröllhólum 39
800 Selfossi

Umsögn Fiskistofu um matsáætlun Varmalækjarskóg dags. 12. ágúst 2025

Fiskistofa

Hera Katrín Aradóttir

Umsögn birt **12.08.2025**

Fiskistofa gerir ekki athugasemdir við málið. Ítarlega er farið yfir möguleg áhrif á lífríki í vatni í umhverfisskýrslu málsins og benda öll gögn til þess að áhrifin séu einungis jákvæð.

Einungis framkvæmdir sem eru minna en 100 metra frá bakka veiðivatns, sem áhrif geta haft á lífríki vatnsins og aðstöðu til veiði, er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Skipulagsstofnun/Skipulagsgátt.
Borgarbyggð.

Dagsetning: 12. ágúst 2025

Mál: Umsögn um matsáætlun vegna skógræktar í landi Varmalækjar, Borgarbyggð

Inngangur

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HEV) hefur farið yfir matsáætlun, dagsetta 11. júlí 2025, vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Varmalækjar, Borgarbyggð, á vegum Heartwood Afforested Land ehf. Umsögnin er veitt á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum, laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Athugasemdir og ábendingar

1. Vatnsvernd og vatnsbúskapur

- Hluti fyrirhugaðs skógræktarsvæðis nær inn á brunnsvæði VB2 og grannsvæði/fjarsvæði vatnsverndar samanber Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 - 2022.
- Nauðsynlegt er að umhverfismat greini sérstaklega hugsanleg áhrif á vatnsgæði (grunnvatn og yfirborðsvatn), áhrif á endurnýjun grunnvatns og náttúrulegt rennslismynstur.
- Meta þarf hættu á súrnun jarðvegs og áhrif barrtrjáa á sýrustig jarðvegs og vatns.
- Lagt er til að við umhverfismat verði horft til sambærilegra varúðarákvæða og HEV hefur áður sett fram til umsækjanda vegna skógræktar á sama landi, m.a. um tegundaval, jarðvinnslu, áburð og mengunarvarnir, dagsett 8. júlí 2025.

2. Tegundaval og gróðursetning

- Aðeins skal gróðursetja lauftré innan vatnsverndarsvæða nema fram liggi viðurkennd áhættugreining sem sýnir fram á að barrtrjáplöntun hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsgæði.
- Gróðursetning skal ekki fara fram á eða við votlendi og svæði með hátt verndargildi samkvæmt vistgerðakortlagningu.

3. Jarðvinnsla og yfirborðsrask

- Jarðvinnsla innan vatnsverndarsvæða skal vera sem minnst og forðast skal djúpar jarðraskanir.
- Nota skal léttar aðferðir þar sem unnt er, og plæging aðeins þar sem hún er nauðsynleg til að tryggja árangur af ræktun plantna.

4. Áburður og efni

- Áburðarnotkun innan vatnsverndarsvæða skal vera í lágmarki og ekki fara fram þar sem jörð er vatnsmettuð eða við yfirborðsvatn.
- Geymsla áburðar og annarra efna innan vatnsverndarsvæða er óheimil.
- Notkun varnarefna innan vatnsverndarsvæða er óheimil.

5. Mengunarvarnir og rekstur véla

- Allar vinnuvélar skulu hafa verið lekaprófaðar áður en þeim er ekið inn á vatnsverndarsvæði.
- Viðbragðsáætlun vegna olíu- eða efnamengunar skal liggja fyrir og mengunarvarnabúnaður vera tiltækur við allar framkvæmdir.

6. Samráð og vöktun

- HEV leggur áherslu á að samráð fari fram áður en framkvæmdir hefjast innan vatnsverndarsvæða.
- Umhverfismatsskýrslan skal leggja fram tillögu að vöktunaráætlun fyrir vatnsgæði og jarðveg með viðmiðum um sýnatöku og eftirfylgni.

Niðurstaða

HEV leggur áherslu á að framangreind atriði verði tekin til skoðunar í umhverfismatinu og að niðurstöður þess verði síðar nýttar til að setja viðeigandi skilyrði við leyfisveitingu, með það að markmiði að tryggja vernd vatnsbóla, vatnsgæða og vistkerfa á svæðinu.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.

Umsögn Minjastofnunar Íslands um matsáætlun fyrir Varmalækjarskóg

Minjastofnun Íslands

Þór Ingólfsson Hjaltalín

Umsögn birt **14.08.2025**

Í matsáætlun er fjallað um fornleifar í kafla 5.5, bls. 32. Þar kemur fram að skrá þurfi fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í samræmi við núgildandi staðla um skráningu. Undirrituðum er kunnugt um að skráning minja sé í vinnslu, en engin gögn hafa enn borist stofnuninni.

Ljúka þarf skráningu fornleifa á áhrifasvæði framkvæmdanna og skila inn, bæði landupplýsingagögnum og skýrslu, svo Minjastofnun geti lagt mat á áhrif framkvæmdanna á menningarminjar, sbr. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja telst ekki lokið fyrr en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands.

Þór Ingólfsson Hjaltalín



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Borgarnesi, dags. 13. ágúst 2025
2508065/DG

Skógrækt á Varmalæk – kynning matsáætlunar

Umsögn Borgarbyggðar

Borgarbyggð hefur borist beiðni um umsögn í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 frá Skipulagsstofnun vegna kynningar á matsáætlun vegna skógræktar í landi Varmalækjar (L133917) í Borgarbyggð.

Heartwood Afforested Land ehf. áformar skógrækt í landi Varmalækjar í Borgarfirði. Jörðin er 847 ha að stærð og gert ráð fyrir að 70-80% þess lands nýtist til skógræktar. Markmið framkvæmdarinnar er ræktun skógar til trjánytja.

Borgarbyggð hefur yfirfarið þau gögn sem lögð eru fram og leggur fram eftirfarandi ábendingar.

Samræmi við skipulag

Í umfjöllun um aðalskipulag kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði er skilgreint sem landbúnaðarsvæði (gott ræktanlegt land) og frístundabyggð. (F71, F72, F141, F142). Innan jarðarinnar er vatnsból, Varmalækjarmúli, ásamt grannsvæði þess og fjarsvæði. Vatnsbólið er staðsett við bakka Flókadalsár. Efnistökusvæði (E80) er innan jarðarinnar. Þá nýtur náttúrulegt birkikjarr innan svæðisins hverfisverndar, auk þess sem það nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Borgarbyggð bendir á að heildarendurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar stendur yfir og er skipulagstillaga í auglýsingu til 28.08.2025. Áformað er að nýtt aðalskipulag taki gildi á seinni hluta árs 2025. Í matsáætlun kemur fram að stefnt sé að því að umhverfismatsskýrsla verði send til athugunar Skipulagsstofnunar undir lok árs 2025 og að álit Skipulagsstofnunar geti legið fyrir á árinu 2026.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi eru sérstök skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) auðkennd á uppdrætti og um þau settir skilmálar.

- Borgarbyggð bendir á að í umfjöllun um samræmi við aðalskipulag þurfi að líta til endurskoðaðs aðalskipulags sem stefnt er að muni taka gildi áður en ferli umhverfismats lýkur.

- Í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi er gert ráð fyrir 90 ha skógræktarsvæði á Varmalæk (SL70) og ef framkvæmdaraðili áformar að stækka það svæði þá verður afstaða Borgarbyggðar til þeirrar stækkunar byggð á endurskoðuðu aðalskipulagi og möguleg breyting eða leyfisveitingar munu miða við endurskoðað aðalskipulag. Því er beint til framkvæmdaraðila að umhverfismatið taki mið af þessu.
- Innan áformaðs skógræktarsvæðis er frístundabyggð, vatnsból, grannsvæði og fjarsvæði. Gera þarf grein fyrir hvernig skógrækt samrýmist þessum notum og áhrif framkvæmda á þau.
- Í gildandi aðalskipulagi er tiltekið að æskilegt sé að skógrækt sé stunduð utan góðs ræktanlegs lands. Í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi segir að líta skuli “á gott ræktunarland sem auðlind sem verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti.” Flokkun landbúnaðarlands hefur verið unnin samhliða vinnu við endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar. Áætlað framkvæmdasvæði er að stórum hluta gott ræktanlegt land í flokki 1 og fram kemur í matsáætlun að um 200 ha innan landamerkjja Varmalækjar séu tún. Í umhverfismati þarf að fjalla um áhrif áformaðra framkvæmda á gott ræktanlegt land og tún, og samræmi við stefnu í aðalskipulagi.
- Fjalla þarf um áhrif skógræktar á góðu ræktanlegu landi í flokki 1 á aðlæg landbúnaðarsvæði og hvort áformin girði fyrir möguleg búrekstrarnot síðar meir.

Landsskipulagsstefna

Í landsskipulagsstefnu eru sett fram leiðarljós um nýtingu lands og landgæða með það að markmiði að tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðla að sjálfbærri þróun og skilvirkri áætlanagerð. Lögð er áhersla á að ákvarðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar byggist á flokkun landbúnaðarlands og landslagsgreiningu. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau þarf að taka mið af því að skógrækt falli vel að landi og að sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar séu samþætt. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði landi sem hentar vel til ræktunar matvæla almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, svo sem til skógræktar.

- Fjalla þarf um land sem skv. flokkun landbúnaðarlands er gott ræktarland og áhrif þess ef landinu er ráðstafað til skógræktar með óafturkræfum hætti, eins og landsskipulagsstefna getur um.

Í kafla 5.7. um landnotkun kemur fram það sjónarmið að skógrækt sé afturkræf framkvæmd þar sem mögulegt er að fella þann skóg sem vex upp, nýta afurðirnar og vinna landið til ræktunar. Í landsskipulagsstefnu er skógrækt hins vegar tekin sem dæmi um framkvæmd sem ráðstafar landi til annarra nota með óafturkræfum hætti. Vel má vera að unnt sé að vinna land upp að lokinni skógrækt en umfang slíkrar framkvæmdar hlýtur að vera nokkuð.

- Fjalla þarf um hvernig framkvæmdaraðili hyggst ganga frá landinu við lok framkvæmda og eftir atvikum endurheimta landgæði þess landssvæðis sem er flokkað sem gott ræktunarland í fyrsta flokki.

Flokkun landbúnaðarlands

Jarðalögum er ætlað að tryggja að nýtingu lands sé hagað í samræmi við landkosti með hagsmuni samfélagsins og komandi kynslóða að leiðarljósi og að land sem er vel fallið til búvöruframleiðslu verði áfram varðveitt til slíkra nota. Við gerð aðalskipulags í dreifbýli skal land flokkað með tilliti til ræktunarmöguleika og hefur Borgarbyggð unnið slíka flokkun. Gert er ráð fyrir að ráðstöfun á landbúnaðarlandi, þ.m.t. til skógræktar, byggist á þeirri flokkun.

Í flokkun landbúnaðarlands sem unnin hefur verið samhliða endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar eru vistgerðir einn þeirra fjögurra þátta sem hafa áhrif á flokkun landbúnaðarlands. Þar fær tún og akurlendi hæfiseinkunnina 10 en skógrækt hæfiseinkunnina 5.

- Fjalla þarf um hvaða áhrif það hefur á flokkun landbúnaðarlands að rækta skóg á landi sem er flokkað sem gott landbúnaðarland í 1. flokki. Það mætti til að mynda gera með því að sýna kort yfir flokkun landbúnaðarlands fyrir og eftir skógræktaráform.

Þau leyfi sem afla þarf og eru á forræði Borgarbyggðar eru;

- Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar.
- Framkvæmdaleyfi til skógræktar.

Virðingarfyllst,



Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar